

ÓLAFUR SVEINSSON

Andar París að sér

Ferðir bílar Heimili

allt í MIÐJU BLAÐSINS



VERKTAKAR

Sigga Beinteins skipti úr dúkklagningum í tónlistina

Sérblað um verkta og byggingar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Mikil verðmæti felast í úrgangi

Sérblað um íslenskan iðnað

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. febrúar 2008 — 43. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÍÐVIKUDAGUR



Bleikja fyrir Keiru

Keira Knightley fær hlýjar móttökur á La Primavera, leggi hún leið sína þangað á Valentínusardaginn.

FÓLK 22

Haffa sárt saknað

Eurovision-aðdáendur gráta brott-hvarf Haffa Haff úr keppinni.

FÓLK 25

Mjólkað á ný

Mjólkurframleiðsla er nú hafin á ný í Stærri-Árskógi, en fjósið á bænum brann ásamt stórum hluta bústofnsins fyrir þremur mánuðum.

TÍMAMÓT 18



Beðið eftir Degi

Dagur Sigurðsson mun væntanlega svara HSI í dag hvort hann sé til í að klára viðræður um starf landsliðsþjálfara en hann er með drög að samningi í höndunum.

ÍPRÓTTIR 27



VEÐRIÐ Í DAG



HLÝNANDI - í dag verður austan eða suðaustan átt, hvöss allra syðst annars hægari. Rigning á suðurhluta landsins þegar líður á daginn en þurrir nýrðra. Hlýnandi veður og hiti víðast 2-8 stig síðdegis.

VEÐUR 4

E S E D R A



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

Milljarðar í gatna-gerð við Geirsgötu

Á næstu vikum verða lagðar fram tillögur að breytingum á umferðarskipulagi við nýja tónlistarhúsið. Lagt verður til að Geirsgata verði lögð í stökk. Kostnaðurinn, allt að þrjú milljarðar, mun skiptast milli ríkis, borgar og Portus hf.

SKIPULAGSMÁL Tillögur um breytingar á gatnakerfi við nýtt tónlistarhús eru á lokastigi og verða líklega kynntar fyrir borgarstjórn á næstunni. Að sögn Gísla Marteins Baldurssonar borgarfulltrúa verður líklegast lagt til að Geirsgata, sem liggur meðfram húsinu, verði lögð í stökk.

Kostnaður við slíka framkvæmd, ef af verður, yrði á bilinu 2,5 til 3 milljarðar. Þeim kostnaði yrði skipt á milli ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem saman eiga fyrir-

tækið Austurhöfn, og Portus hf., sem sér um byggingu og rekstur hússins. „Inni í verkefninu voru þó peningar fyrir annars konar gatnagöngu, brú og götu, svo þetta er ekki allt viðbótarkostnaður,“ segir Helgi S. Gunnarsson, framkvæmdastjóri Portus. „Það væru þá allir að taka á sig aukinn kostnað til þess að skapa meiri gæði,“ segir Gísli Marteinn.

Fyrirliggjandi skipulag svæðisins gerir ráð fyrir að Geirsgata sé á yfirborði og fari svo á brú yfir

göngugötu, sem eigi að tengja hafnar svæðið við miðborgina.

Gísli Marteinn segir þó að þeir sem að verkinu komi séu ekki hrifnir af því skipulagi. Með því að setja götuna í stökk myndi umferð á yfirborðinu vera lítil og hæg, svo gangandi og hjólandi umferð væri í forgangi.

„Markmiðið er að tengja miðborgina við tónlistarhúsið svo hún stækki í raun bara til norðurs og þetta verði hluti af miðborginni,“ segir Gísli Marteinn. - þeb / sjá síðu 4



BJÖRK Í INDÓNESÍU Söngkonan Björk Guðmundsdóttir hélt tónleika í Jakarta í Indónesíu í gærkvöldi. Tónleikarnir fóru fram í tennishöll borgarinnar. Björk heldur tónleika í Kóreu, Japan og Kína síðar í þessum mánuði.

NORDICPHOTOS/AFP

Geta ekki mætt eftirspurn eftir harðkornadekkjum í Bandaríkjunum:

Íslensk dekk á Manhattan

VIÐSKIPTI „Eftirspurnin er gríðarleg. Við hefðum getað selt yfir 100 þúsund dekk í fyrra, en komumst bara til að framleiða 20 þúsund,“ segir Þorlákur Björnsson, einn eigenda Green Diamond Tire í New York.

Harðkornadekk samkvæmt íslenskrri uppskrift eru framleidd í verksmiðjunni, sem bæði er í eigu Íslendinga og stýrt af Íslendingum. Nafn verksmiðjunnar vísar til þess að harðkornadekkinn sé umhverfisvæn auk þess sem kornunum í dekkjunum er líkt við demanta.

„Við vonumst til þess að geta farið að framleiða 460 þúsund dekk þegar á næsta ári,“ segir Þorlákur. „Við væntum þess að opna fimm verksmiðjur víða um



MANHATTAN Íslensku harðkornadekkinn hafa slegið í gegn vestanhafs. Til stendur að opna fimm verksmiðjur í Bandaríkjunum þar sem dekkinn verða framleidd eftir íslenskrri uppskrift.

Bandaríkin og fimmmalda starfsmannafjöldann á næstu árum.“ Íslendingar hafa tekið þátt í

rekstri Green Diamond í eitt og hálf ár. „Við höfum fjárfest töluvert í uppbyggingu. Þetta er vel á annað hundrað milljóna króna,“ segir Þorlákur. Fjórir Íslendingar eiga í Green Diamond og einn Bandaríkjamadur. Þá kom Saga Capital nýlega inn í myndina sem fagfjárfestir.

Harðkornadekkinn eru að mestu búin til með endurvinnslu á gömlum hjólbörðum. „Við seljum venjuleg dekk handa venjulegu fjölskyldum á venjulegu verði. Svo er þetta umhverfisvænt.“

Fyrirtækið Nýiðn hefur einkaleyfi á aðferðinni sem notuð er hjá Green Diamond. Nýiðn hefur þróað dekkinn frá árinu 1994.

- ikh / sjá Markaðinn



DANSAD Á NASA Tónlistarmenn eru ósáttir við að hótél rísi þar sem Nasa stendur við Austurvöllum.

Tónlistarmenn æfir:

Slá skjaldborg um Nasa

SKIPULAGSMÁL Tónlistarmenn hafa brugðist reiðir við hugmyndum um að Nasa-salurinn verði rifinn vegna uppbyggingar við Ingólfs-torg. Gera tillögur ráð fyrir því að þar sem skemmtistaðurinn er nú rísi hótél. Kári Sturluson hefur farið fyrir tónlistarmönnum og telur að þarna sé vegið harkalega að tekjuginnum sínum, atvinnu og þá í leiðinni farsæld fjölskyldu sinnar.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti borgarstjórnar, leggur á það ríka áherslu að ekki hafi verið tekin nein ákvörðun, en tillagan verður tekin fyrir á fundi skipulagsráðs í dag en þar er Hanna Birna formaður.

- jbg / sjá síðu 24

Metaðsókn í starf flugliða:

Flugfreyjustarf-ið heillar enn

ATVINNA Um 750 manns hafa sótt um starf sem flugliðar hjá Iceland Express sem auglýsti átján stöður fyrir sumarvertíðina.

„Það hefur alltaf verið nokkur ásókn í þessi störf hjá okkur en ég man ekki eftir öðru eins,“ segir Matthías Imsland, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

„Ég held að skýringuna megi bæði finna í því að það er jafnvel aðeins minna framboð af vinnu en oft áður og svo því að fyrirtækið hefur áunnið sér afskaplega sterka og góða ímynd svo fólk sækist eftir því að vinna hjá okkur. Nú og svo virðist það alveg greinilegt að gamli sjarminn yfir flugfreyjustarfinu lifi góðu lífi.“

- jse





Séra Þórhallur, hvað hefði Kristur gert?

„Efti hann hefði ekki bara skipt fiskunum á milli deiluaðila?“

Séra Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju, segir að Þjóðkirkjan mætti vel hafa til þess forystu að kvótakerfið yrði endurskoðað út frá öllum sjónarhornum. Í Biblíunni segir að Jesús Kristur hafi skipt tveimur fiskum og fimm brauðum á milli fimm þúsund manns svo allir voru mettir.



Á VAKT Norskir liðsmenn ISAF í eftirlitsferð um götur Kabúl. NORDICPHOTOS/AFP

Könnun meðal Norðmanna: Vilja ekki hvika frá Afganistan

NOREGUR, AP Meirihluti Norðmanna stýður virka þátttöku í friðargæslu NATO í Afganistan, þrátt fyrir að uppreisnarmenn hafi að undanförunu beint spjótum sínum að Norðmönnum. Norskur blaðamaður lét lífið í hryðjuverkaárás á hótél í Kabúl í janúar og nú hefur norska sendiráðið í borginni verið rýmt vegna hótana. Í könnuninni, sem gerð var fyrir norska ríkisútvarpið NRK, sögðust 57 prósent aðspurðra stýðja að Norðmenn héldu áfram þátttöku sinni. 32 prósent voru á móti. Nú eru um 500 norskir hermenn að störfum innan ISAF-fjölpjódaliðsins í Afganistan, en ákveðið hefur verið að fjölga þeim um 200 í mars.

DÓMSMÁL

Laus úr farbanni

Pólskur karlmaður sem grunaður er um að hafa ekið á ungan dreng í Reykjanesbæ 30. nóvember á síðasta ári losnaði úr farbanni í gær. Drengurinn lést af áverkum sínum.

Landbúnaðarráðherra segir nauðsynlegt að samkeppnisfyrivöld fylgist með:

Tollalækkunin verði skoðuð

TOLLAR „Ég tel mjög mikilvægt að samkeppnisfyrivöld, og þeir sem fylgjast með verðlagi í landinu, fylgist með því að þetta gangi eftir,“ segir Einar Kristinn Guðfinnsson landbúnaðarráðherra, spurður um afdrif tollalækkunarinnar 1. mars.

Þegar virðisaukaskattur og tollar á matvörum voru lækkaðir og vörugjöld afnumin 1. mars 2007 sagði í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu að „með þessari lækkun væri matvælaferð á Íslandi orðin sambærilegt við meðalverð á matvælum á Norðurlöndunum.“ Einar segir að ríkið hafi sannarlega orðið af tekjum vegna lækkunarinnar og að hún ætti því að skila sér til almennings. Hann vill þó ekki slá því föstu að lækkunin hafi ekki komið fram á innfluttum kjötvörum.

„Innflutningurinn er takmarkaður og ljóst að fleiri en færri vilja stunda hann,“ segir ráðherra. Því séu tollkvótar boðnir út.



EINAR KRISTINN GUÐFINNSSON Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gefur sér ekki að tollalækkunin hafi ekki skilað sér til neytenda. Samkeppnisfyrivöld eigi hins vegar að kanna málið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Því miður kom upp misbeiting á þessu fyrirkomulagi af hálfu ýmissa innflytjenda, sem buðu hátt og héldu uppi verðinu. Ég brást harkalega við því og við breyttum fyrirkomulaginu. Þetta varð til þess að á sumum vörum lækkuðu tollarnir um allt að 60 prósent,“ segir Einar. Almennir ætti að njóta góðs af því.

- kóp

Þetta er barátta sem við ætlum að vinna

Guðmundur Jónsson, fyrrum forstöðumaður Byrgisins, mætti fyrir Héraðsdóm Suðurlands í gær, þar sem embætti ríkissaksóknara birti honum fjórar ákærur vegna meintra kynferðisbrota hans gegn fjórum skjólstaðingum Byrgisins.

DÓMSMÁL „Þetta er barátta sem við ætlum að vinna,“ sagði Guðmundur Jónsson, fyrrum forstöðumaður Byrgisins, áður en hann gekk inn í dómsal Héraðsdóms Suðurlands í gærmorgun. Með honum í för var lögmaður hans, Hilmar Baldursson.

Í héraðsdómi var þingfest mál fjögurra fyrrum skjólstaðinga Byrgisins á hendur Guðmundi fyrir kynferðisbrot gegn þeim. Sakarefnið er að hann hafi um árabíl notfært sér aðstæður kvennanna til þess að hafa við þær samræði eða önnur kynferðismök meðan þær voru til meðferðar í Byrginu.

Alls lögðu átta konur fram kærur þessa efnis á hendur Guðmundi og ríkissaksóknari ákvað að ákæra í málum fjögurra þeirra. Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara, sækir málið.

Byrgismálið hófst með því að fréttaskýringabátturinn Kompás greindi frá meintum brotum Guðmundar gegn skjólstaðingum sínum í desember 2006. Grunur leikur á að ein stúlkanna hafi verið undir lögaldri þegar Guðmundur framdi meint brot gegn henni. Hún er rúmlega tvítug nú.

Eftir að Kompás opnaði málið lögðu stúlkurnar átta, hver á fætur annari, fram kærur hjá embætti lögreglustjórans á Selfossi.

Aðrir þættir rekstrar Byrgisins eru til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

Úttekt ríkisendurskoðanda renndi stöðum undir misbrest í fjárhaldi fyrrum meðferðarheim-



METTIR Í HÉRAÐSDÓM Guðmundur Jónsson, fyrrverandi forstöðumaður Byrgisins, kemur ásamt lögmanni sínum, Hilmar Baldurssyni, í Héraðsdóm Suðurlands á Selfossi í gær. Mál fjögurra fyrrum skjólstaðinga gegn Guðmundi var þingfest. MYNDIR GVA

ilisins. Eftir rannsókn skattrannsóknarstjóra á skattalegum þætti í rekstri Byrgisins kærði hann niðurstöðurnar til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Þetta þýðir að talið er að um sé að ræða stórfelld refsiverð brot hvað varðar þennan þátt í starfsemi Byrgisins sem ekki sé hægt að afgreiða í yfirsattanevnd, heldur verði málið að fara til rannsóknar hjá lögreglu.

Hinn efnahagslegi þáttur er varðar fjármál Byrgisins og forsvarsmanna þess er einnig til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. jss@frettabladid.is



GÖGN MÁLSINS Fulltrúi ríkissaksóknara ber inn gögn málsins skömmu fyrir réttarhaldið.

FL Group birtir uppgjör í dag: Töpuðu tæpum 70 milljörðum

VIÐSKIPTI FL Group birtir uppgjör ársins 2007 í dag. Búið er við að tap FL Group á árinu sé á bilinu 65 til 70 milljarðar króna. Mest af því tapi er til komið á síðasta ársfjórðungi 2007. Er þetta í takt við spár greiningardeilda.

Jón Sigurðsson, forstjóri FL Group, og stjórnarformaðurinn Jón Ásgeir Jóhannesson hafa einbeitt sér að því að taka til í bókum félagsins í kjölfar uppstokkunar í eigendahópnum í fyrra og breyttra markaðsaðstæðna. Fjárfestingarstefna félagsins er til endurskoðunar og seldar hafa verið eignir í flugfélögum AMR og Finnair og bankanum Commerzbank.

-bg

Skágoði vottuð virðing: Bobbys Fischer minnst í Ölfusi

FÓLK Komið hefur verið fyrir minningarbók um Bobby Fischer í Þjóðmenningarhúsi. Þar geta þeir sem vilja heiðra minningu skákmeistarans ritað nafn sitt.



ROBERT FISCHER

Bókin, sem vellunnar Fischers höfðu frumkvæði að, verður í Þjóðmenningarhúsinu næstu tvær vikur en verður síðan varðveitt í Minjasafni Skáksambands Íslands.

Þá hefur verið skipulögð minningarstund um Bobby Fischer í Laugardælakirkju í Ölfusi á laugardaginn klukkan ellefu fyrir hádegi. Meðal annars mun Jóhann Sigurðarson leikari syngja lög sem voru Fischer kær.

-gar

Frávísun í Hæstarétti: Saga neitað um Insolidum í gær

DÓMSMÁL Hæstiréttur vísaði í gær frá máli Saga Capital fjárfestingarbanka á hendur Insolidum ehf. og eigendum þess, Dögg Pálsdóttur og Páli Ágústi Ólafssyni.

Saga Capital krafðist að nafn félagsins yrði sett í hluthafaskrá Insolidum í stað nafna Daggar og Páls. Saga hafði lánað Dögg og Páli nærri 600 milljónir króna vegna kaupa á stofnbréfum í SPRON. Hæstiréttur sagði Saga Capital ekki hafa sýnt fram á eignarrétt sinn yfir Insolidum. Saga segir niðurstöðuna skapa erfíðleika fyrir fjármálafyrirtæki. Félagið muni nú nota hefðbundin innheimtuúrræði og láta reyna á ábyrgð stjórnenda Insolidum ef félagið geti ekki staðið við skuldbindingar.

-gar

Þingmenn þriggja flokka leggja til breytingar á umdeildum tóbaksvarnarlögum:

Vilja leyfa sérstök reykherbergi

ALÞINGI Níu þingmenn úr þremur flokkum vilja heimila reykningar í sérstöku herbergi á veitinga- og skemmtistöðum.

Telja þeir að tóbaksvarnarlögin gangi of langt í að takmarka tóbaksreykingar á veitinga- og skemmtistöðum og að nauðsynlegt sé að reykningar verði heimilar á afmörkuðum svæðum. Þó þurfi að búa svo um hnúta að gestir og starfsfólk staðanna verði ekki fyrir óþægindum vegna reykninga.

Í ljósi reynslunnar telja flutningsmenn mikilvægt að lögunum verði breytt enda telja þeir nokkra hnökra hafa komið upp við framkvæmd reykningabannsins. Meta þeir breytingartillögu sína á þann veg að hún geti orðið til að almenn sátt ríki í þjóðfélaginu um meginmarkmið tóbaksvarnarlögganna.

Að mati flutningsmanna er fortakslaut bann við að koma upp sérstöku reykherbergjum óþarflega ströng regla sem fyrst og fremst íþyngi veitingamönnum sem vilja láta alla viðskiptavini sína njóta góðrar þjónustu.

Flutningsmenn eru Jón Magnússon, Guðjón A. Kristjánsson og Hanna Birna Jóhannsdóttir, Frjálslynda flokknum, Birgir Ármannsson, Illugi



REYKINGAHERBERGI Á BARNUM Veitingamenn á Barnum við Laugaveg leyfðu gestum að reykja innandyrna í þessu reykherbergi. Þingmenn þriggja flokka vilja nú leyfa sérstök reykherbergi á veitinga- og skemmtistöðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnarsson, Jón Gunnarsson, Kjartan Ólafsson og Pétur Blöndal, Sjálfstæðisflokkur og Bjarni Harðarson, Framsóknarflokkur.

-bjps

Spennandi miðvikudagur

Úr Fiskborði Nóatúns



Saltfiskur með hvítlauk og rauðlauk

998 kr.

MIKIÐ ÚRVAL AF SPENNANDI FISKRÉTTUM Í NÓATÚNI

NÓATÚN

ALLT AÐ 100% FJÁRMÖGNUN

SAMNINGALOTA Í BÍLAPINGI HEKLU Á KLETTHÁLSI

SAMNINGALOTA ÚT ÞESSA VIKU Í BÍLAPINGI HEKLU Á KLETTHÁLSI

Við erum með ótrúlegt úrval nýlegra notaðra bíla á Kletthálsi 11. Nú er sannarlega rétti tíminn til að gera hagstæð kaup hjá okkur, því sölumenn okkar eru sveigjanlegri en nokkru sinni fyrr.



Opið 10-18 virka daga og 10-14 laugardaga
Kletthálsi 11 | sími 590 5044 | www.bilathing.is | bilathing@bilathing.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	68,37	68,69
Sterlingspund	133,09	133,73
Evra	99,19	99,75
Dönsk króna	13,306	13,384
Norsk króna	12,378	12,45
Sænsk króna	10,533	10,595
Japanskt jen	0,6386	0,6424

SDR	107,6	108,24
-----	-------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
131,3003
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Árni Johnsen, VG og Framsókn vilja að göng til Eyja verði rannsókuð frekar:

Byggt upp á Bakka en annað bíður

ALPINGI Þingmenn Framsóknarflokks og Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs auk Árna Johnsen Sjálfstæðisflokki kölluðu í gær eftir að staðið verði við gefin loforð og rannsóknir á jarðlögum mögulegs jarðgangastæðis milli lands og Eyja verði kláraðar. Kom fram í máli þeirra að rannsóknirnar kosti um 65 milljónir króna og að Árni Mathiesen fjármálaráðherra hafi lofað að þær verði gerðar.

Þingmennirnir kölluðu eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar til málsins enda væri stefna hennar á reiki.

Steinnur Valdís Óskarsdóttir, formaður samgöngunefndar, sagði



INNSIGLINGIN PRÓFUÐ Fyrirverandi samgönguráðherra siglir fjarðstýrðu fleyi í höfn á líkani af Bakka fjöru.

af og frá að stefnan væri á reiki, hún væri þvert á móti skýr. Byggja ætti upp hafnaraðstöðu í Bakka fjöru í Landssveit og hefja siglingar milli Bakka og Eyja. Hún sagði

sjálfsgat að stunda frekari rannsóknir ef menn teldu fjármunum í það vel varið. Hún ætlaði hins vegar ekki að aðhafast í málinu. Steinur Valdís sagði að þingheimur ætti að sameinast um uppbyggingu í Bakka fjöru en rugla ekki urmæðuna með tali um aðra valkosti.

Árni Johnsen sagði að þó unnið væri að undirbúningi framkvæmda í Bakka fjöru stæði óklárt að ljúka fyrirnefndum rannsóknum. „Það koma dagar og koma ráð og þeir sem hafa unnið mest í þessu vita það ósköp vel að það stýttist með hverjum deginum að göng munu koma milli lands og Eyja.“ - bps

Bridgehátíð 2008:

Davíð keppir í tvímenningi

ÍPRÓTTIR Bridgehátíð 2008, Icelandair Open, hefst á Hótel Loftleiðum á morgun og stendur í fjóra daga.

Mótið verður glæsilegt að venju og gera má ráð fyrir að þúsundir innlendra sem erlendra briddsárhugamanna fylgist með í gegnum netið.



DAVÍÐ ODDSSON

Viðburðurinn er einn stærsti íþróttaviðburður á Íslandi. Nú þegar hafa á annað hundrað pör og tæplega sextíu lið skráð sig til þátttöku í tvímenningi og sveitakeppni. Stjórnutvímenningu verður haldinn í kvöld, þar sem sterkustu þátttakendur mótsins keppa og mæta meðal annarra Davíð Oddssyni seðlabankastjóra og fleiri þekktum mönnum úr þjóðlífinu.

Landslíðakeppni er á dagskrá á fimmtudag. - ghs

FJARÐABYGGÐ

Meistari hæga töltsins allur

Gæðingurinn Laufi frá Kollaleiru í Reyðarfirði er fallinn. „Laufi, sem var á sínum átjándra vetri, var annálaður tölmeistari og ókrýndur meistari hæga töltsins á Íslandi,“ segir á heimasíðu Fjarðabyggðar. Laufi fékk hrossasótt og var felldur eftir að dýralæknir hafði vakað yfir honum í meira en sólarhring.

LEIÐRÉTTING

Í frétt sem birtist af fasteignaauglýsingu í Fréttablaðinu í gær var skrifað að Magnús Axelsson fasteignasali hefði tekið að sér sölu íbúðar í Reykjavík vegna „persónulegra tengsla“ við seljandann. Það skal tekið fram að seljandi er gamall viðskiptavinur, frekari tengsl eru ekki til staðar.

Geirsgata sett í stökk fyrir þrjá milljarða

Unnið er að tillögum um breytt umferðarskipulag við nýja tónlistarhúsið. Líklegast er að Geirsgata verði sett í stökk, sem kostar á bilinu 2,5 til 3 milljarða króna. Kostnaður myndi skiptast á milli ríkis, borgar og Portus hf.

SKIPULAGSMÁL Tillögur um breytingar á gatnakerfi við nýtt tónlistarhús verða kynntar fyrir borgarstjórn á næstunni. Þróunar- og hönnunarvinna er á lokastigi og nokkrar tillögur liggja fyrir. Líklegast þykir að lagt verði til að Geirsgata verði sett í stökk.

Það er eignarhaldsfélagið Portus hf. sem sér um byggingu og rekstur tónlistarhússins. Portus, Reykjavíkurborg og eignarhaldsfélagið Austurhöfn, sem er í eigu ríkisins og borgarinnar, hafa unnið að tillögnum í sameiningu.

Kostnaður við stökkinn yrði á bilinu 2,5 til 3 milljarðar. „Inni í verkefninu voru þó peningar fyrir öðruvísi gatnalagningu, brú og götu svo þetta er ekki allt viðbótarkostnaður. Það á í sjálfu sér ekki að vera fyrirstaða, þetta er hagkvæm lausn og gefur fullt af valkostum,“ segir Helgi S. Gunnarsson, framkvæmdastjóri Portus. Að sögn Gísla Marteins Baldurssonar borgarfulltrúa myndi kostnaðurinn skiptast milli ríkis, borgar og Portus. „Þetta veltur auðvitað á því að allir samþykki þetta. Það væru þá allir að taka á sig aukinn kostnað einfaldlega til þess að skapa meiri gæði. Tónlistarhúsið myndi nýttast betur og verða meiri prýði.“

Fyrirliggjandi skipulag gerir ráð fyrir því að gatan sé á yfirborði og fari svo á brú yfir göngu götu, sem tengja eigi hafnarsvæðið við miðbæinn. Gísli Marteinn segir þó að vilji allra aðila sé að breyta þessu skipulagi. „Enginn virtist vera hrifinn af því skipulagi að lyfta götunni hátt upp og



LOFTMYND Hugmyndir eru uppi um að bæði Geirsgata og Kalkofnsvegur fari í stökk að einhverju leyti. Þungri umferð yrði þá hleypt um göngin en aðeins ein akrein í hvora átt yrði á yfirborði

lata fólk labba undir. Það fannst mér ekki aðlaðandi miðborgarstemning.

Markmiðið er að tengja miðborgina við tónlistarhúsið svo hún stækki í raun bara til norðurs og þetta verði hluti af miðborginni,“ segir hann. Jafnframt segir hann að með þessu sé unnt að greiða götu gangandi og hjólandi vegfara. Einungis yrði ein akrein í hvora átt og umferð því lítil og hæg á yfirborðinu. Undir það tekur Helgi. „Þetta er í takt við þær breytingar sem eru að verða almennt á umferðarmálum, að láta bílinn ekki alltaf hafa forgang,“ segir hann.

Gísli Marteinn segir það fyrir-

Það væru þá allir að taka á sig aukinn kostnað einfaldlega til þess að skapa meiri gæði. Tónlistarhúsið myndi nýttast betur og verða meiri prýði.

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON
BORGARFULLTRÚI

sjáanlegt að sífellt meiri umferð verði vestan við tónlistarhúsið, bæði við uppbyggingu Mýrargötu og Örfiriseyjar. „Þessi lausn dugir ekki fyrir meiri háttar byggð þar en hún mun afkasta býsna miklu og gera umhverfið fyrir framan tónlistarhúsið miklu betra.“

thorunn@frettabladid.is

Uppgjör Marel Food Systems: Hagnaður undir væntingum

VIÐSKIPTI Marel Food Systems hagnaðist um 6,1 milljón evra, jafnvirði um 600 milljóna króna, á síðasta ári. Til samanburðar nam hagnaðurinn 200 þúsund evrum 2006. Félagið hefur stækkað hratt og skýrir það mun milli ára.

Hagnaður á fjórða ársfjórðungi nam 3,4 milljónum evra, samanborið við 500 þúsunda tap á sama tíma 2006. Niðurstaðan er undir væntingum greiningardeilda.

Sala fyrirtækisins jókst um 39 prósent milli ára og handbært fé í lok árs nam 30,4 milljónum evra. Breytingin er rakin til kaupanna í iðnsamstæðunni Stork og aukningar á hlutfé félagsins. - jab/óka



FRÁ LEITINNI Í GÆRMORGUN Hreggviður Símonarson hjá Landhelgisgæslunni gerir tækin klár áður en haldið var til leitara á fokker-flugvélinni TF Syn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Formlegri leit að flugvél hætt:

Flugmaðurinn talinn af

SLYS Fokker-flugvél Landhelgisgæslunnar og hraðfleygar vélar frá danska flughernum leituðu í um sjö klukkustundir af flugmanninum sem saknað var síðan í fyrradag en án árangurs og er hann nú talinn af.

Flugmaðurinn sem var breskur, var einn í vélinni þegar hún lenti á hafi úti í um 50 mílum vestuð-vestur af Keflavík. Skömmu áður hafði hann tilkynnt um að drepist hefði á öðrum hreyfli vélarinnar. Vélin var af gerðinni Cessna og var skráð í Bandaríkjunum. - jse

Veikindi í hrossum:

Varúðarráðstöfunum nú aflétt

DÝRAHALD Öllum varúðarráðstöfunum um flutninga á hrossum til og frá Hringsholti á Dalvík og aðra starfsemi hefur verið aflétt, samkvæmt upplýsingum frá Sigríði Björnsdóttur, dýralækni hrossasjúkdóma.

Um miðjan janúar fór að bera á veikindum í hrossum í hesthúsum um að Hringsholti og eins í nokkrum hesthúsum á Akureyri. Sýni voru tekin til bakteríuræktunar og fleiri rannsóknar. Ekki er lengur talin hætt á að um smitsjúkdóm sé að ræða. - jss

LANDSBANKINN
SÍMI 410 4000
EYDDU Í SPARNAD

VEDURSPÁ
um hádegi »

» á morgun
Suðaustan 8-13 m/s vestan til, annars hægar.

» föstudagur
5-10 m/s. Úrkomulítið eftir hádegi.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	7°C hálfskýjað	London	12°C heiðskirt	Friedrichshafen	9°C heiðskirt
Billund	8°C hálfskýjað	Paris	10°C heiðskirt	Lúxemborg	7°C heiðskirt
Oslo	2°C heiðskirt	Amsterdam	9°C heiðskirt	Alicante	16°C skúrir
Stokkhólmur	4°C heiðskirt	Frankfurt	10°C heiðskirt	Róm	12°C hálfskýjað
Gautaborg	6°C hálfskýjað	Berlin	7°C heiðskirt	Las Palmas	20°C skúrir

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Stærsta dreifikerfið og ánægðustu viðskiptavinirnir

Síminn er í fararbroddi í þjónustu bæði við þéttbýlissvæði og dreifðari byggðir landsins. Farsímakerfi Símanns er hið stærsta á landinu og mun enn stækka á þessu ári með áframhaldandi uppbyggingu á langdrægum sendum.

Stærsta farsímadreifikerfið og öruggt samband er ein af ástæðum þess að viðskiptavinir Símanns eru þeir ánægðustu meðal íslenskra farsímafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni.

KJÖRKASSINN



Telur þú að forðomar í garð útlendinga hafi aukist á Íslandi?

Já	80%
Nei	20%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Vilt þú að Dagur Sigurðsson verði ráðinn næsti landsliðsþjálfari í handbolta?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Samtök atvinnulífsins fengu nýja tillögu frá launþegum í gær:

Skorið úr um samflotið í dag

KJARAMÁL Auknar líkur eru á því að samningar takist við öll landsamböndin innan Alþýðusambands Íslands. Formenn landsambandanna funduðu í gærkvöldi með forystu Samtaka atvinnulífsins.

Að sögn Gunnars Páls Pálssonar, formanns VR, var sett fram ákveðið tilboð varðandi launaliðin. „Við verslunarmenn sjáum fram á mikla taxtahækkun og teljum að það sé viss vörn eftir mikið launaskrið og góðæri að rétta hlut þeirra sem hafa setið eftir. Við lítum á þetta sem vissa varnarsamninga,“ sagði Gunnar Páll.

Launaskriðið hefur verið mikið



GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON

GUNNAR PÁLL PÁLSSON

hjá iðnaðarmönnum og greitt kaup fjarri launatöxtum. Þó lægstu taxtar verði hækkaðir um 15 til 20 þúsund krónur finna iðnaðarmenn lítið fyrir því og fáir myndu njóta góðs af. Því hefur verið rætt að

hækka taxa þeirra hraðar að greiddu kaupi en annarra sambanda.

„Við erum að funda baki brotnu og athuga hvort við getum fundið leiðir til þess að ná niðurstöðu. Það er ansi snúið,“ sagði Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, í gær.

Frankvæmdastjórn SA mun ræða hugmyndir verkalýðsforystunnar fyrir hádegi í dag. „Ef þetta tekst ekki þá fara menn vaxtatega hver fyrir sig og það verða gerðir þrjú megináttælingar; verslunarmenn sér, iðnaðarmenn sér og síðan Starfsgreinasambandið,“ sagði Guðmundur. - ghs

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir:

Vilhjálmur fái íhugunarfrest

BORGARMÁL „Mér þykir ótímabært að vera að ræða um hver eigi að vera næsti borgarstjóri nú þegar Vilhjálmur er að hugsa sig um,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Aðspurð hvort hún myndi styðja Vilhjálm ákvæði hann að setjast í borgarstjórnastólinn segir hún: „Ég vil gefa Vilhjálm tíma til að hugsa sinn gang. Við munum svo standa með honum þegar hann hefur komist að niðurstöðu.“

Hún segir fundinn í fyrradag í Valhöll hafa verið mjög góðan þar sem allir fengu tækifæri til að segja sína skoðun. - jse

KÓPAVOGUR

Segja áætlanir óraunhæfar

Fulltrúar Samfylkingar og VG í bæjarráði segja skipulagstillögur um að á Glaðheimasvæðinu risi þéttasta byggð verslunar og þjónustu á landinu vera óraunhæfar. Ekki sé sýnt fram á raunhæfar vegabætur sem munu anna aukinni umferð frá Glaðheimum og öðrum reitum í nágrenninu.

REYKJAVÍKURBORG

Eyða þarf óvissu um kjör

Skólastjórafélag Reykjavíkur hvetur til að lokið verði við kjarasamninga fyrir starfsmenn skólanna ekki síðar en 1. apríl. Mjög brýnt sé að eyða óvissu um launakjör áður en til uppsagna komi í vor.

Lækkun níu af síðustu tíu dögum

Úrvalsvísitalan lækkaði níu daga í röð. Hún lækkaði um þrjú prósent í gær frá deginum áður. Djúpstætt vandamál sem erfitt er að greina til fulls, segir Þórður Friðjónsson. Skuldsetning íslenskra fyrirtækja erfið, segir Gylfi Magnússon.

VIÐSKIPTI Af síðustu tíu dögum í OMX-kauphöllinni hefur úrvalsvísitalan lækkað níu daga.

Hún lækkaði um þrjú prósent í gær frá deginum áður en hafði þar á undan lækkað samfelldu níu viðskiptadaga í röð.

Þórður Friðjónsson, forstjóri OMX-kauphallarinnar, segir erfitt að segja til um hvenær botninum hefur verið náð. „Í samanburði við löndin í kringum okkur hefur lækkunin verið heldur meiri hér. Hún er þó áþekkt niðursveiflunni í norsku kauphöllinni. Svartsýnustu menn halda því fram að um vandamál sé að ræða sem ekki leysist almennilega fyrir en árið 2010 en aðrir telja markaðina geta rétt úr kútnum miklu fyrir,“ sagði Þórður. Hann kveður aðstæður reyna á kænsku stjórnenda fyrirtækja en það gefi augaleið að of mikill taugatritringur geti valdið meiri skaða en vandinn gefur tilefni til, þótt alvarlegur sé.

Þórður segir ómögulegt að segja til um hver þróun verður á mörkuðum á næstunni. Vandamálið sé djúpstætt sem geri greiningu erfiðari.

Gylfi Magnússon, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, segir mikla skuldsetningu íslenskra fyrirtækja valda vandræðum í árferði eins og nú er. „Það er alveg greinilegt að það ríkir mikil bölsýni á markaðnum. Það berast áfram slæmar fréttir frá útlöndum og íslensku fyrirtækin eru mörg hver háð gengi á alþjóðamörkuðum þannig að þetta hefur bein áhrif,“ sagði Gylfi. Hann segir ákvörðun Kaupþings og hollenska bankans NIBC um að falla frá yfirtöku Kaupþings ekki hafa haft eins mikil áhrif á markaðinn og margir héldu. „Ég er á því að tíðindin um að Kaupþing tæki ekki yfir NIBC hafi verið góðar fréttir, en þau tíðindi höfðu í



OMX-KAUPHÖLLIN Úrvalsvísitalan í íslensku kauphöllinni hefur lækkað mikið frá því að hrikta tók í alþjóðlegu umhverfi fjármálfyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

SUBPRIME LÁNIN TENGD VIÐ GREENSPAN

Subprime-lánin svokölluðu, sem talin eru vera undirrot vandamála fjármálfyrirtækja á alþjóðamörkuðum, voru ekki fyrir langt löngu talin vera til þess fallin að styrkja bankakerfi heimsins, samkvæmt mati ýmissa. Meðal þeirra sem mærdi subprime-lánafyrirkomulagið var Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna. Hann lét meðal annars hafa eftir sér í mars í fyrra, að „vegna subprime-lánanna væru fjármálfyrirtæki á traustari grunni en áður. Með þeim væri auðveldara að greina áhættu“. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir margt benda til þess að peningamálstjórnun í Bandaríkjunum undanfarið ár sé meðal

þess sem gerir alþjóðamörkuðum erfiðara fyrir nú. „Miklum peningum hefur verið stýrt inn á markaðina af seðlabönkum, meðal annars í Bandaríkjunum, sem gerði það að verkum að áhætta var undirverðlögð. Þetta skapaði of miklar og óraunverulegar væntingar. Eins og ferill Alan Greenspan er glæsilegur þá er ekki ólíklegt að þessi niðursveifla nú verði tengd við nafn hans í framtíðinni,“ segir Þórður.

■ Hvað eru subprime-lán? Lán sem kölluð hafa verið undirmála- og annarsflokkslán. Lánin voru fundin upp til þess að mæta þörfum þeirra sem ekki höfðu efni á hefðbundnum húsnæðislánnum og höfðu litlar sem engar eignir á bak við sig.

sjálfu sér lítil sem engin áhrif á niðursveifluna sem lýsir því hversu djúpstætt vandamálið er,“ sagði Gylfi. „Það er erfitt að segja til um hvenær þessu linnir. Það er vel þekkt að mikill efnahagslegur óróleiki getur verið lengi að jafna

sig. En það er ekki hægt að horfa framhjá því að skuldsetning íslenska efnahagskerfisins sem er ein sú mesta í heimi hlutfallslega getur gert vandamálið alvarlegra en ella.“

magnush@frettabladid.is

Jón Steinsson segir Seðlabankann þurfa að byggja upp trúverðugleika:

Verður að einblína á verðbólgunna

VIÐSKIPTI Jón Steinsson, lektor í hagfræði við Columbia-háskólann í Bandaríkjunum, segir Seðlabanka Íslands fyrst og fremst þurfa að einbeita sér að því að halda verðbólgu niðri í því árferði sem nú er á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Ekki sé svigrúm fyrir neina aðra forgangsroðun en að halda verðbólgunni í skefjum. „Seðlabankinn gerir mest gagn þegar hann heldur verðbólgu niðri. Það er hans fyrsta hlutverk. Það er ekki fyrr en það hrikir verulega í stoðum fjármálakerfisins sem hann getur farið að huga að einhverju öðru,“ segir Jón.



JÓN STEINSSON LEKTOR Segir Seðlabankann þurfa að byggja upp trúverðugleika.

Stýrivextir Seðlabankans eru nú 13,75 prósent og hafa margir, meðal annars Samtök atvinnulífsins, kallað eftir því að þeir verði lækkaðir til þess að bæta starfskilyrði fyrirtækja.

Jón telur Seðlabankann ekki

hafa staðið sig eins vel og marga aðra seðlabanka í að halda verðbólgunni í skefjum. „Það þurfa að koma fram skýr merki um að það hrikir í stoðnum, sérstaklega í ljósi þess að Seðlabankinn hefur ekki staðið sig eins vel og aðrir seðlabankar að þessu leyti. Hluti af þeirri ástæðu að vaxtastigið á Íslandi er eins hátt og raun ber vitni er skortur á trúverðugleika. Það gagnlegasta sem hann getur gert er að byggja upp trúverðugleika þannig að atvinnulífið og fólkið í landinu trúi því að aðgerðir hans leiði til minni verðbólgu.“ - mh

Landsbankinn

Eldri borgarar 60+

Byrjendur

30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.




Kennsla hefst 21. febrúar. Kennir er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

Framhald I

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 20. febrúar. Kennir er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,- Vegleg kennslubók innifalin.



Nýtt langdrægt GSM kerfi

Ísland er komið í betra samband



Vodafone býður stærsta GSM þjónustusvæðið

Að lokinni uppsetningu nýrra senda víða um land býður Vodafone upp á **stærsta GSM þjónustusvæðið á Íslandi**. Þetta er bylting fyrir fólk á landsbyggðinni, sjómenn og ferðamenn á fjölmörgum stöðum þar sem ekki hefur verið GSM samband til þessa.

Meðan við höldum uppbyggingunni áfram skiptir þú yfir til Vodafone, án þess að skipta um símanúmer, **með einu símtali í 1414** – strax í dag.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Starfsmenn á þjónustuverkstæði

Starfsmenn óskast á þjónustuverkstæði MEST ehf.

Störfín fela í sér viðhald á vinnuvélum, byggingakrönum, rafstöðvum og öðrum tækjum sem MEST er þjónustuaðili fyrir. Æskilegt að umsækjendur hafi annað hvort iðn- eða vélstjóramenntun.

Fyrirspurnum svarar Árni Már deildastjóri þjónustuværs í síma 825 0722 eða á netfangið arnir@mest.is.



Fulltrúi Samfylkingar í menntamálanefnd segir kennarasamninga óútrædda: Lífsspursmál að bæta kjörin

MENNTUN „Fyrir mér er þetta ekkert álitamál. Það er lífsspursmál að bæta kjör uppeldis- og umönnunarstétta og láglauastéttanna almennt,“ segir Guðbjartur Hannesson, fulltrúi Samfylkingar í menntamálanefnd.

Hann segir þetta einnig stefnu Samfylkingarinnar. Flokkurinn hafi þó ekki gengið frá neinni endanlegri samþykkt um komandi kjarasamninga kennara.

Þorgerður Katrín menntamálaráðherra lýsti því yfir fyrir jól í Fréttablaðinu að hún teldi að laun kennara ættu að hækka myndarlega. Hún endurtók ummælin nýlega og nýtti þá stjórnarandstæðingurinn Steingrímur J. Sigfússon tækifæri til að spyrja Árna M. Mathiesen álits á þeim.

Fjármálaráðherra kvað þá orð Þorgerðar ekki endurspeglja stefnu stjórnarinnar. Guðbjartur segir afstöðu til kjarasamninga kennara ekki hafa verið rædda sérstaklega í ríkisstjórn né þingflokkunum,



SKÓLASTARF Kennarar vilja ljúka kjarasamningum fyrir vorið.

enn sem komið er. Hann minnr þó á stjórnarsáttmálan. Samkvæmt honum skuli meðal annars kjör svokallaðra kvennastétta bætt.

„Og það hefur ekkert breyst,“ segir hann.

Fréttamenn í hættu: Nærri níutíu fórust í starfi

BANDARÍKIN, AP Alls biðu 87 fréttamenn bana í starfi sínu á síðasta ári, samkvæmt nýrri skýrslu frá alþjóðlegu samtökunum Fréttamenn án landamæra.

Flestir þeirra, alls 47, létust í Írak, sem telst því hættulegasta land heims fyrir fréttamenn um þessar mundir. Næst hættulegust eru Sómalía og Pakistan.

Hvergi voru hins vegar fleiri fréttamenn hneptir í fangelsi en í Kína, þar sem nú situr að minnsta kosti 31 fréttamaður bak við lás og slá. Í skýrslunni segir að Ólympíuleikarnir í Kína nú í sumar geti orðið fréttamönnum skeinuhættir.

- kóp

- gb

Meirihlutinn féll á fyrstu kosningunni

Óvænt tillaga um varaformann umhverfis- og samgönguráðs var ekki samþykkt í fyrstu í gær. Ásta Þorleifsdóttir féllst svo á að greiða atkvæði með meirihluta. Sjálfstæðismenn töldu ekki með sinn eigin fulltrúa. „Krúttað,“ segir Ásta.

REYKJAVÍK Segja má að nýr meirihluti sjálfstæðismanna og F-lista í umhverfis- og samgönguráði hafi fallið á sinni fyrstu atkvæðagreiðslu á fundi ráðsins í gær.

Þegar Gísli Marteinn Baldursson, formaður ráðsins, bar upp þá tillögu að Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir yrði varaformaður, stakk Þorleifur Gunnlaugsson úr VG upp á Ástu Þorleifsdóttur af F-lista á móti, enda kom tillaga Gísla minnihlutunum á óvart; gert hafði verið ráð fyrir Ástu í varaformenskuna.

Því þurfti að ganga til kosninga um varaformanninn og kom í ljós að Ásta sjálf hafði einnig reiknað með embættinu. Studdi hún því ekki Þorbjörgu, heldur sat hjá.

Féllu atkvæðin jafnt. Þrjú gegn þremur, en sjö eru í ráðinu. Tillaga formanns var því ekki samþykkt.

Þá munu Gísli og Ásta hafa rætt málin sín á milli og var kosið í annað sinn. Þá lyftist höndin á Ástu afar hægt og alls ekki hátt, að sögn eins fundargests.

RÁÐIÐ

- Gísli Marteinn Baldursson formaður (D)
- Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, sitjandi varaformaður (D)
- Helga Jóhannsdóttir (D)
- Ásta Þorleifsdóttir, næsti varaformaður (F)
- Dofri Hermannsson (S)
- Þorleifur Gunnlaugsson (V)
- Margrét Sværissdóttir (F, en í minnihluta)



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR



ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

„Já, þetta var nú bara krúttað!“ segir Ásta. „Í upphafi höfðum við gert samkomulag um að ef F-listi hefði tvo menn í ráði, þá fengi D-listi varaformanninn.“

Þau í Sjálfstæðisflokknum höfðu talið hana Helgu Jóhannsdóttur til F-listans af því að eiginmaður hennar, Ómar, er formaður Íslandshreyfingarinnar! En Helga hefur alltaf verið í Sjálfstæðis-

flokknum. Þannig að þetta var krúttlegur misskilningur og verður leióréttur á næsta fundi. En það var ljúft að finna að maður hefur svona mikinn stuðning meðal minnihlutans,“ segir Ásta og skellir upp úr.

Ekki náðist í Gísla Marteinn Baldursson borgarfulltrúa vegna málsins.

klemens@frettabladid.is



Fjórfaldir Vildarpunktur

VISA Vildarkort



Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

TRAUSTUR GRUNNUR ÖFLUG ÞEKING



Microsoft Dynamics NAV er traustur viðskipta- og bókhaldshugbúnaður sem hefur reynst fyrirtækjum afar vel hér á landi í mismunandi atvinnugreinum og sífellt fleiri fyrirtæki hafa innleitt Microsoft Dynamics NAV með góðum árangri.

Landsteinar Strengur hf. hefur áratuga reynslu af sölu, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar fyrir íslenskan markað. Fyrirtækið hefur verið í forystuhlutverki í hugbúnaðargerð, ráðgjöf og innleiðingu á Microsoft Dynamics NAV, áður betur þekkt undir heitinu Navision.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar.



LANDSTEINAR STRENGUR

Ármúla 7 · 108 Reykjavík · Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is





ENIGA MENIGA

– við erum að tala um peninga



Auktu ánægju þína með fjárhagslegri heilsu. Það er mikilvægt fyrir þig að skoða fjármálin reglulega. Sérstaklega þegar aðstæður breytast. Fjárhagslega heilsupróf Byrs gefur þér yfirsýn yfir fjármálin og hjálpar þér að taka betri ákvarðanir til að bæta fjárhagslega heilsu þína. Fjárhagslega heilsuprófið er hannað í samvinnu við viðskiptavinum Byrs, viðskiptavinum annarra banka og fjárhagslega einkabjálfa Byrs. Prófið tekur á þeim þáttum sem skipta mestu máli fyrir þig. **Komdu þér í fjárhagslegt form með Byr.**

Byrjaðu á byr.is – kannaðu fjárhagslega heilsu þína núna. Komdu með í ræktina.


BYR
SPARISJÓÐUR
Sími 575 4000 • byr.is

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND



Út vil ek – er íslensk list í útrás?

Útflutningsráð Íslands í samvinnu við Bandalag íslenskra listamanna efnir til málþings **fimmtudaginn 14. febrúar**, undir yfirskriftinni „Út vil ek – er íslensk list í útrás?“ Helsta umfjöllunarefni málþingsins er hvernig auka megi samstarf og gagnkvæma þekkingu lista og viðskiptalífs og verður m.a. litið til reynslu Dana á þessu sviði.

Framsögumaður á fundinum verður **Darriann Ribber**, ráðgjafi á alþjóða-sviði listastofnunar danska ríkisins, en svið hennar vinnur markvisst að því að koma danskri list á framfæri í öðrum löndum. Sjá nánar um starfsemina á www.kunst.dk.

Stutt erindi flytja: *Einar Bárðarson* tónlistarfrömuður, *Tinna Gunnlaugsdóttir* Þjóðleikhússtjóri, *Kristján Björn Þórðarson* myndlistarmaður, *Halldór Guðmundsson* bókaútgefandi og rithöfundur ásamt fulltrúa viðskiptalífsins. Að erindum loknum verða pallborðsumræður og eru gestir hvattir til að líta á fundinn sem vettvang fyrir umræður og stefnumótun.

Fundurinn fer fram í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 6. hæð og stendur frá kl. **15–17**. Að fundi loknum verður boðið upp á léttar veitingar. Allir velkomnir. Enginn aðgangseyrir. Skráning fer fram hjá Bergi Ebba Benediktssyni verkefnisstjóra hjá Útflutningsráði í netfangið bergur@utflutningsrad.is.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

Sigurganga Obama virðist óstöðvandi en Clinton bíður eftir Texas og Ohio:

Obama saxar á forskotið

BANDARÍKIN, AP Hillary Clinton hefur síðustu daga reynt að stöðva sigurgöngu Barack Obama í forkosningum Demókrataflokksins vestra.

Obama sigraði í öllum fimm prófkjörum síðustu helgar og flest benti til þess að hann myndi einnig sigra í þremur prófkjörum sem fram fóru í gær, í Virginíu, Maryland og Washingtonborg.

Helgin var sérlega góð fyrir Obama, sem meira að segja hlaut Grammy-verðlaun fyrir bestu hljóðbók ársins, hljóðbókarútgáfu bókar sinnar um „Bíræfni vonarinnar.“ The Audacity of Hope, og skákaði þar bæði Bill Clinton og

Jimmy Carter, sem einnig voru tilnefndir í sama flokki.

Obama hefur saxað verulega á forskotið, sem Clinton hefur haft.

Hann hefur nú tryggt sér 741 kjörmann en hún 912, en til sigurs á flokksþinginu í lok ágúst þarf 2.025 kjörmenn. Þegar svonefndir ofurkjörmenn eru taldir með, samkvæmt mati AP fréttastofunnar, þá hafði Obama eftir sigra helgarinnar stuðning 1.108 kjörmannanna en Clinton 1.136.

Clinton hefur vonast til þess að ná sér aftur á strik í mars þegar forkosningar verða í fjölmennum ríkjum á borð við Texas og Ohio, þar sem hún hefur átt meira fylgi



UMLUKINN STUÐNINGSMÖNNUM Barack Obama teygir sig í hendurnar á fagnandi mannföldanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

að fagna. Obama hefur hins vegar verið á það miklu flugi að vonir hennar um sigra í mars hafa dvínad.

- gb

REYKJAVÍKURBORG

Sleðavörn við Arnarhól

Kaupa á færanlega varnarveggi sem hægt væri að setja upp við rætur Arnarhóls þegar færi er til sleðaferða. Eignasjóður Reykjavíkurborgar samþykkti samhljóða að fela starfsfólki Framkvæmdasviðs að skoða möguleika á þessu. Umsjón með slíkum varnarveggjum yrði í höndum starfsfólks frístundamiðstöðvarinnar Kamps.



KJARASAMNINGAR OG EFNAHAGSMÁL Guðjón Arnar Kristjánsson var frummælandi í utandagskrárumæðu á Alþingi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkisstjórnin að borðinu

Líkur eru á að aðkoma stjórnvalda að kjarasamningum á almennum markaði verði rædd á allra næstu dögum.

ALÞINGI „Ríkisstjórnin mun ekki skorast undan því að ræða við aðila vinnumarkaðarins um með hvað hætti hún getur komið að málum og lagt gott til,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í umræðum utan dagskrár á Alþingi í gær um kjarasamninga og efnahagsmál. Hann taldi samningagerðina langt komna og því tímabært að stjórnvöld fari yfir það með hvaða hætti þau geta komið að samningum. Vildi hann fátt segja um fyrirhugaðar aðgerðir en sagði meginverkefnið að bæta kjör hinna lægst launuðu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði þeirrar skoðunar að kjarasamningsgerð á almennum vinnumarkaði væri í höndum verkályðshreyfingarinnar og vinnuveitenda en stjórnvöld ættu að koma að viðræðunum á réttum tímamarki. Sá tímamarkur væri nú um helgina.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, gagnrýndi aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar. Sagði hann ástand og horfur í efnahagsmálum slæmar og taldi til háa stýrivexti, verð-

bólgu, samdrátt á byggingamarkaði, lækkun úrvalsvisitölu og fækkun lána á húsnæðismarkaði. Vildi hann jafnframt fá að vita um áform ríkisstjórnarinnar um að glæða markaði og bæta búsetuskilyrði úti um land.

Geir svaraði litlu en ítrekaði fyrri orð sín um að efnahagsstaðan á Íslandi væri sterk. Óeðlilegt ástand á lánamörkuðum í útlöndum hefðu hins vegar áhrif hér. Geir sagði þó að ekki væri útilok að ráðist verði í auknar opinberar framkvæmdir ef hægist um of á hjólum atvinnulífsins.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði verðbólgunar stærsta vandamál ríkisstjórnarinnar og óskaði sér þess að ríkisstjórnin vaknaði og tækist á við vandann sem er henni samfara.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, sagði sinnuleysi ríkisstjórnarinnar í kjaraviðræðunum algjört og furðaði sig á að hún legði ekki fram tillögur um að bæta kjör þeirra sem lægst hefðu launin.

bjorn@frettabladid.is



BJARGVÆTTIR ÓSKAST

Nýtt MS nám í boði frá 2008 fyrir fólk með BS gráðu í jarðvísindum, verkfræði eða viðskiptafræði. MS gráða frá REYST setur þig í hóp færustu sérfræðinga á sviði sjálfbærrar orku.

WWW.REYST.IS

REYKJAVÍK ENERGY
GRADUATE SCHOOL
OF SUSTAINABLE
SYSTEMS

REYST

SAMSTARFSADILAR



www.ostur.is



Gouda á tilboði

Nú færðu Gouda 26% í sérmerktum kílóastykkjum með 20% afslætti í næstu verslun!



Vandaðar innréttingar í eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og þvottahús

SETTU ÞAÐ SAMAN **HTH**



Gæða skúffur



HTH býður nú upp á hágæða skúffur sem dragast út að fullu og nýtast því skúffurnar mun betur. Mikil gæði á viðráðanlegu verði.

Ljúflokun



Allar nýju HTH skúffurnar koma með „ljúflokun“ – eitt af þessum fínu smáatriðum sem er innifalið í verðinu.



- Þú verslar innréttinguna í dag
- Þú færð hana afhenta beint af lager
- Þú sparar með því að setja hana saman sjálf/ur

AEG
20% afsláttur af AEG eldhústækjum þegar keyptar eru HTH innréttingar.



- Mikið úrval eldhús- og baðinnréttinga ásamt fataskápum
- Fagleg ráðgjöf
- Flatar pakkningar – auðvelt að flytja
- Beint af lager
- Sérniðið hönnunarforrit fylgir
- Framleiðsluvörur HTH eru samkvæmt nýjustu umhverfisstöðlum
- 5 ára framleiðslu- og gæðaábyrgð

BETRA VERÐ – MEIRI GÆÐI



ORMSSON

AKUREYRI · Sími 461 5003

ORMSSON



ORMSSON

SELFOSSI · Sími 480 1160

SMÁRALIND · Sími 530 2900 · Beinn sími í HTH 530 2907 og 530 2908



VIÐ UPPHAF NÝS ÁRS í Peking fylgdist þessi kona með lítilli mús hlaupa inni í hjóli. Músakústirnir voru liður í hátíðahöldum í tilefni af því að ár rottunnar hófst á fimmtudag.

NORDICPHOTOS/AFP

Tuttugu og þriggja ára maður dæmdur í mánaðarlangt óskilorðsbundið fangelsi: Dyravörður beit og kýldi feðga

DÓMSMÁL Tuttugu og þriggja ára karlmaður hefur verið dæmdur í fimm mánaða fangelsi, þar af fjóra mánuði skilorðsbundna, fyrir líkamsárás. Hann tók 48 ára karlmann hálstaki, beit hann í fingurinn og kýldi 22 ára son hans.

Árásin átti sér stað þegar feðgarnir sátu við borð fyrir utan veitingastaðinn Kaffi Viktor í Hafnarstræti í Reykjavík 1. september 2006.

Faðirinn hlaut sentimetra langan skurð á fingri, sonurinn rotaðist og skarst á kinn, höku og innan á vör.

Fyrir dómi sagði árársarmaður-

inn, sem vann sem dyravörður á staðnum, að feðgarnir hefðu ráðist á sig ásamt hópi manna þegar hann reyndi að fá þá til að færa sig inn.

Samstarfsmaður hans tók undir það. Vitnisburður þeirra var ekki tekinn trúanlegur fyrir dómi, og árásin sögð tilefnislaus.

Til viðbótar við fangavistina var maðurinn dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða föðurnum tæpar 200 þúsund í bætunum og syninum 30 þúsund krónum betur. Auk þess þarf hann að greiða málsvarnarlaun verjanda síns, 261 þúsund krónur.

- sþs

LAMDI MANN MEÐ ÖXI ÁN TILEFNIS

■ Dyravörðurinn var á skilorði fyrir líkamsárás þegar dómur í þessu máli féll. Hann var dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af fjóra skilorðsbundna, í október 2006 fyrir líkamsárás og vopnalagabrot.

■ Þá sló hann annan mann í höfuðið með öxi fyrir utan Leikbæ í Mjódd, þannig að hann marðist á höfði.

■ Árásin var algjörlega tilefnislaus, samkvæmt niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur.

Dómur kveðinn upp 3. mars: Aðalmeðferð í DC-máli lokið

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í DC-málinu svokallaða fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudag. Þar eru tíu manns sakaðir um að hafa brotið höfundaréttarlög með því að skiptast á skráum í gegnum forritið DC++. Þetta er í fyrsta skipti sem mál af þessu tagi kemur fyrir íslenskan dómstól.

Rannsókn málsins hefur dregist mikið, en hún hófst í september árið 2004. Þá voru tölur sakborninganna gerðar upptækar í húsleitum um land allt.

Dómur í málinu verður kveðinn upp 3. mars.

- sþs

Um hvað snúast stjórnsmál?

Kynntu þér málið í Stjórnsmálaskóla Sjálfstæðisflokksins í Valhöll sem er frá 18. feb. til 13. mars. Námskeiðið stendur yfir í fjórar vikur og fer fram á mánudags-, þriðjudags- og fimmtudagskvöldum.

Fyrirlestrar og umræður um

- borgarmálin
- listina að hafa áhrif
- flokksstarfið
- menntun og menningarmál
- velferðarmál
- ferða- og samgöngumál
- efnahagsmál
- umhverfismál
- utanríkismál
- sjávarútvegsmál
- landbúnaðarmál
- stjórnskipan og stjórnsýslu
- greina- og fréttaskrif
- Sjálfstæðisflokkinn
- starfshættir Alþingis



Valhöll
Háaleitisbraut 1
105 Reykjavík
sími 515 1700
www.xd.is

Dagskráin er á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins, www.xd.is undir hnappi Stjórnsmálaskólans. Skráning og nánari upplýsingar í síma 515 1777/515 1700, einnig á neffangi disa@xd.is



KURT WESTERGAARD Maðurinn, sem teiknaði eina af Múhameðsteikningunum sem birtust í Jótlandspóstinum haustið 2005, segist vissulega óttast um líf sitt.

NORDICPHOTOS/AFP

Vildu myrða skopteiknara á áttæðisaldri

Þrír menn voru handteknir í Danmörku fyrir að hafa lagt á ráðin um að myrða danska teiknarann Kurt Westergaard. Margir danskir fjölmiðlar hafa vegna þess endurbirt teikningu Westergaards.

DANMÖRK Lögreglan í Danmörku handtók í fyrrinótt þrjú menn sem ætluðu að ráða af dögum einn af teiknurum tólf, sem gerðu skopmyndirnar af Múhameð spámanni árið 2005.

Mennirnir voru handteknir í Árósum. Einn þeirra er fertugur danskur ríkisborgari af markokkóskum uppruna en hinir tveir eru túnískir ríkisborgarar.

Mennirnir ætluðu að ráðast á teiknarann Kurt Westergaard á heimili hans og ráða hann af dögum. Westergaard teiknaði mynd af höfði Múhameðs með sprengju eins og höfuðfat ofan á sér. Þessi teikning er sú sem vakti einna hörðust viðbrögð af Múhameðsteikningunum tólf, sem birtust í Jótlandspóstinum þann 30. september árið 2005 og vöktu hörð viðbrögð múslíma víða um heim.

Túnismönnum tveimur verður vísað úr landi en danski ríkisborgarinn verður væntanlega fljótlega látinn laus. Hann verður þó áfram undir eftirliti leyniþjónustunnar.

Leyniþjónusta dönsku lögreglunnar hefur lengi fylgst með mönnum og haft veður af áformum þeirra. Kurt Westergaard og

eiginkona hans hafa haft lögregluvernd í þrjú mánuði.

„Vissulega óttast ég um líf mitt,“ sagði Westergaard í yfirlýsingu á vefsíðum Jótlandspóstsins, „en ég hef snúið óttanum upp í reiði og biturleika. Ég er reiður út af því að ósköp hversdagsleg verk, sem ég hef gert í þúsundavís, skuli vera misnotuð til að leysa úr læðingi slíkt brjálæði.“ Westergaard, sem er orðinn 73 ára, segist ekki vita hve lengi hann þurfi að búa við lögregluvernd, „en ég held að eftirhreyturnar af þessum brjáluðu viðbrögðum muni endast svo lengi sem ég lifi.“

Westergaard lét þetta þó ekki aftra sér frá því að mæta til vinnu sinnar á Jótlandspóstinum í gær, eins og aðrir starfsmenn blaðsins. Starfsmenn þar eru vanir morðhótunum frá öfgamúslímum. Öryggisráðstafanir á blaðinu voru hertar mjög þegar heiftin var hvað mest árið 2006, og eru enn strangar.

Jótlandspósturinn endurbirti Múhameðsteikningu Westergaards í gær á vefsíðum sínum. Mörg dönsk dagblöð lýstu því einnig yfir í gær að þau ætli að endurbirta þessa teikningu í dag.

gudsteinn@frettabladid.is



SIEMENS




Eldunartæki, kælitæki, uppþvottavél og ljós í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Markaðurinn alla daga

vísir
Fyrstur með fréttirnar!



BORG hefur tilskilin leyfi

Í ljósi fjölmiðlaumræðu síðastliðinna daga vill Einingaverksmiðjan Borg ehf. benda á eftirfarandi:

- **Fyrirtækið er með starfsleyfi til ársins 2011.** Ágreiningur við Heilbrigðiseftirlitið snýst um það hvort leyfið nái til þess að dreifa steypu í samkeppni við fyrirtækin BM Vallá og Mest. Sá ágreiningur er nú í meðferð hjá þar til bærnum yfirvöldum.
- Íbúar í nágrenni við starfsstöð fyrirtækisins hafa mótmælt starfsemiinni vegna mengunar og hávaða. Það skal tekið fram að **skv. fasteignamati ríkisins búa þessir íbúar í iðnaðarhúsnæði.** Þá má einnig taka fram að hafnarsvæðið á Kársnesi er skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði í aðalskipulagi Kópavogsbæjar.

- Því hefur verið haldið fram að Einingaverksmiðjan Borg hafi geymt steyptra einingar í leyfisleysi á lóð Kópavogsbæjar. Hið rétta er að **fyrirtækið var með svæðið á leigu af Kópavogsbæ en var sagt upp samningi með aðeins 20 daga fyrirvara.** Unnið hefur verið að því síðan að tæma svæðið í fullu samráði við hafnaryfirvöld.

BORG hóf starfsemi í upphafi ársins 2005. **Hjá fyrirtækinu starfa nú um 90 manns** við framleiðslu, sölu og dreifingu forsteyptra húseininga og steinsteypu. Vöxtur fyrirtækisins hefur verið hraður og hefur framleiðsla og þjónusta fyrirtækisins fengið góðar viðtökur viðskiptavina. Félagið leggur áherslu á gæði, áreiðanleika og heildarlausnir.



6
TILBOÐ!

Eitt flottasta úrval landsins

Mikið úrval fyrir öll baðherbergi • til afgreiðslu af lager



WLU 06A
Hvitt háglans

120 sm
58.900,- stgr.



WLU 06A
Eik

120 sm
58.900,- stgr.



CT 55
Hvitt háglans

breidd: 55 sm
38.900,- stgr.



CT 75
Hvitt háglans

breidd: 75 sm
44.900,- stgr.

6 baðinnréttingar
á frábæru **verði!**

WLU 147 61x48 +25 sm
Eik **49.900,-** stgr.

www.i-t.is

**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- fyrir þitt heimili

HREIN DEKK FÆKKA SLYSUM

Dekk sem ekki eru reglulega hreinsuð geta orðið hál þar sem tjara leggst í raufarnar og stíflar.

BÍLAR 2



HÍBÝLIN HRISTAST

Hæstu hús á Íslandi sveiflast ekki nema um fáeinna sentimetra enda yfirleitt steypt og stíff.

HEIMILI 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



Olafur Sveinsson, framkvæmdastjóri A4-skrifstofuvöruverslananna, er einna kunnugastur París af þeim fjölmörgu stöðum sem hann heimsækir í leik og starfi á ári hverju.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Innöndun í París

Af heimsborgum veraldar er París í mestu dálæti hjá Ólafi Sveinssyni, framkvæmdastjóra A4, en þangað fer hann gagnert til að anda borginni að sér.

„Sjarmi Parísar er svo notalegur og þangað finnst mér best að fara til þess eins að upplifa borgina og anda henni að mér,“ segir Ólafur Sveinsson, framkvæmdastjóri A4, sem komið hefur til frönsku höfuðborgarinnar yfir tíu sinnum á fáeinum árum.

„París er „in“-borgin núna, enda orðið miklu ódýrara að komast þangað nú en fyrir nokkrum árum,“ segir Ólafur sem er vel kunnugur lystisemdum Parísar.

„Í París þarf maður ekki að hafa neitt sérstakt fyrir stafni. Andrúmsloftið er svo einstætt og nóg að sitja heilu dagana á kaffihúsum til að upplifa mannlífið. París er þannig lítil stórborg án þess þreytandi skarkala sem einkennir margar stórar borgir,“ segir Ólafur sem dvalið hefur í París á öllum árstímum.

„París þykir mér langmest sjarmerandi á vorin; í apríl og maí. Þá er allt að springa út og blómstra, veður orðið þægilega hlýtt og feginleiki, kraftur og gleði Parísarbúa yfir væntanlegri sumarkomu allsráðandi,“ segir Ólafur sem fer aldrei til Parísar nema rólta sér rólega um Latínuverfið, sem einnig heitir 3. hverfi Parísar.

„Í Latínuverfinu finnst mér ég upplifa hina einu sönnu Parísarstemningu; í kringum Notre Dame-kirkjuna og hinum megin Signu. Víst getur maður farið á Louvre-listasafnið í hvert einasta sinn og alltaf séð eitthvað nýtt, en stærsti gallinn við París er þungur ferðamannastraumur þar sem allir ætla að komast yfir að skoða það sama á sem skemmstum tíma. Því þarf maður að passa sig á að vera snemma dags á ferli til að losna við minnst tveggja tíma biðradir við helstu aðráttaröfl borgarinnar, og þótt sumrin séu verst í þessu samhengi getur verið vandamál að komast að mörgum helstu skoðunarstöðum árið um kring. Menn þurfa því að gera upp við sig hvað þeim þykir mest spennandi að skoða í hvert skipti og ætla sér góðan tíma í það,“ segir Ólafur og minnst fallega dags í Latínuverfinu.

„Einn daginn var ég á gangi um Latínuverfið þegar ég heyrði nafnið mitt kallað á miðri götu. Ég vissi vitaskuld ekki hvaðan á mig stóð veðrið en þóttist vita fyrir víst að fáir hétu Óli í París. Veifaði þá til mín skælbrosandi og afar kært vinafólk á kaffihúsi skammt frá, en ég hafði ekki hugmynd um að það væri í París. Þetta segir manni mikið um Parísarborg, því alls staðar er hægt að ganga á milli merkra staða og fólk því mikið til á sama svæðinu, en hver sem er getur notið þess að vera í París sökum aðgengi-leika og notalegs andrúmslofts.“

thordis@frettabladid.is

Parftu betri bíl?

Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

Bílasamningur // Bílalan // Einkaleiga



LYSING.IS // 540 1500

Breiðhöfða



517 0000



Toyota Land Cruiser 120VX, 8/05, 52þ.km. ssk, álfelgur, topplúga, krókur. Verð 5.200.000.-



Toyota Land Cruiser 90, 38", 7/98, krókur, filmur, mikið endurnýjaður. Verð 1.790.000.-



MMC Pajero Instyle, Nýr bíll, 7 manna, ssk, topplúga, álfelgur. Verð 6.390.000.- skipti ódýrar



Cadillac Escalade, 2004, ekin 18þ.km. DVD, topplúga, tilboð staðgreitt 4.800.000.-



Porsche Cayenne S, 2/03, 83þ.km. álfelgur, lítað gler, umboðsbíll. Verð 6.590.000.- skipti ódýrari.



Toyota Rav 4, 7/05, 32þ.km. ssk, álfelgur, sumar og vetrardekk. Tilboð staðgreitt 2.000.000.-



Toyota Corolla W/G, 9/04, 39þ.km. sjálfskiptur, aukadekk. Tilboð 100% áhvilandi lán 1.530.000.-



Ford F350, 56þ.km. 2005, ssk, dísel, 35" lok á palli, krókur. Verð 3.990.000.- skipti ath.



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA
ISUZU OPEL

SMIDJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Sendum frítt um land allt!

Jeppadekk

GT RADIAL
MAXXIS

Heilsársdekk
31" kr. 13.900
(31x10.50R15)
33" kr. 15.900
(33x12.50R15)
Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgustærð 15", 16" og 17".

Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði

JEPPADEKK.is
ALORKA • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

Hrein dekk fækka slysum

Vormur Þórðarson hjá VDO Borgardekkjum hjólbarðaverkstæði telur reglulega dekkjahreinsun geta fækkað umferðarslysum á veturna.

Góð umhirða dekkja hefur sjálfsagt aldrei verið eins nauðsynleg og í þeirri kuldatíð sem ríkt hefur síðustu vikur. Dekk sem ekki eru reglulega hreinsuð geta orðið hál þar sem tjara leggst í raufarnar og stíflar. Að sögn Vorms Þórðarsonar hjá VDO Borgardekkjum hjólbarðaverkstæði minnkar það grip og getur valdið slysum.

„Það eina sem menn þurfa að gera til að hindra það er að fá sér dekkjahreinsi á næstu bensinstöð,“ segir hann. „Efninu er sprautað á dekkinn og svo er æskilegast að hreinsa það af með vatni, þar sem það er ekki vel séð að keyra af stað út í náttúruna með tjöruna í eftirdragi.“

Vormur segir nauðsynlegt að hreinsa dekkinn minnst einu sinni í viku, á meðan saltað er á snævipakta vegi. Hins vegar sé algjör óþarfi að hreinsa þau jafn oft þegar þurr er og ekkert verið að salta. Þá keyri ökumenn drulluna af.

„Því miður fara þó alltof fáir eftir þessari reglu,“ segir hann og telur ástæðuna helst þá að ökumenn viti hreinlega ekki betur. „Þetta hefur ekkert með það að gera að Íslendingar séu trassar og þeir eldri virðast vita þetta. Svo hefur heldur ekki verið þörf á því að hreinsa dekkinn svona oft undanfarin ár eins og tíðin



Vormur minnir menn, ásamt þrífum á dekkjum, á að huga að réttum loftþrýstingi hjólbarðanna. Það dragi úr eldsneytiseyðslu, auki endingu dekkjanna og öryggi almennt.

hefur verið. En nú hefur þessi kuldatíð staðið lengi yfir, þannig að full ástæða er til þess að þrifa dekkinn vel.“

Áður fyrir buðu nokkur bílaverkstæði hérlandis upp á dekkjahreinsanir með sjálfvirkum burstum en Vormur segir það fyrirkomulag alfarið hafa lagst af. „Já, þetta var svipað því og þegar fólk fer með bílinn í skoðun og tekur bremsutest. Kefli rúlluðu bílunum áfram og þar undir voru burstar. Ofan í því var síðan tjöruhreinsir. En svo þegar keyrt var upp úr þessu lak tjöruhreinsirinn úr dekkjunum, sem gæti verið ástæða þess að tekið var fyrir þetta.“

Hann bætir því við að dekkjahreinsanir af þessu tagi hafi heldur ekki náð vinsældum. „Nei, þetta kostaði og fólk virtist ekki tilbúið að borga fyrir þjónustuna. Fyrirtæki lögðu því hreinlega ekki í það að útbúa almennilegt frárennsli og leggja í það einhverja peninga og fá ekkert í staðinn.“

Aðspurður hvort það hafi aldrei komið til tals að taka þjónustuna upp aftur, efast Vormur það og hvetur menn til að vera á góðum dekkjum í umferðinni. Þau dragi úr eldsneytiseyðslu, endingin verði betri og öryggi aukist almennt.

road@frettabladid.is

KUBOTA FRUMSÝNING

Í dag kl 14 -18 að Suðurlandsbraut 14
frumsýnum við á Íslandi:

Vinnudýrið KUBOTA RTV900
fjölnota smábíll með palli sem kemst þangað sem aðrir komast ekki.

Auk þess sýnum við :

- KUBOTA GZD15 - Zero-Turn ásetusláttuvél
- KUBOTA G21HD ásetusláttuvél
- KUBOTA F3680 ásetusláttuvél með húsi
- KUBOTA GR1600 sláttutraktorinn
- KUBOTA GR2100 sláttutraktorinn
- KUBOTA F1900 fjölnotavél (sýnd með burstu og sláttuvél)
- KUBOTA STV40 fjölnota smátraktor (með miklu úrvali tengitækja)

Og úrval annarra tækja og véla

Kubota

PÓR HF REYKJAVÍK: Ármúla 11 ■ Sími 568-1500 ■ AKUREYRI: Lónsbakka ■ Sími 461-1070 ■ www.thor.is

Jeppa- og ferðalagaskóli Arctic Trucks

Arctic Trucks stendur fyrir fjölbreyttum námskeiðum sem sniðin eru að þörfum áhugafólks um jeppa og ferðalög

Næstu námskeið

GPS námskeið

Fimmtudaginn 14. febrúar kl. 20:00 – 22:00.
Leiðbeinandi er Ríkarður Sigmundsson.
Farið er í grunnatriði GPS-notkunar, svo sem stillingar tækisins, hvað beri að varast, töku veggpunkta, gerð leiða og ferla. Einnig er farið í grunnatriði notkunar á Garmin forritunum MapSource og nRoute ásamt því hvernig hægt er að varpa GPS-gögnum yfir á GoogleEarth. Námskeiðið miðast við notkun GPS-tækja til útivistar, t.d. í gönguferðir, jeppaferðir eða vélsleðaferðir. Verð kr. 3.500,-

Jeppanámskeið

Fimmtudaginn 28. febrúar kl. 20:00 – 22:00.
Leiðbeinandi er Vilhjálmur Freyr Jónsson tæknifræðingur og jeppamaður.
Fjallað er um þá kosti og eiginleika sem jeppinn býr yfir og hvernig hægt er að nýta þá við ólíklegustu aðstæður. Leitast er við að kynna virkni einstakra hluta jeppans á lifandi hátt. Allir þátttakendur fá Jeppabók Arctic Trucks, en hún er hin glæsilegasta í alla staði og er hafsjór af fróðleik um jeppa og jeppamennsku. Verð kr. 5.500,-

Veðurfræði – rýnt í ferðaveðrið

Fimmtudaginn 3. apríl kl. 20:00 – 22:00.
Leiðbeinandi er Hálf dán Ágústsson veðurfræðingur. Fjallað er almennt um veður og veðurfar til fjalla. Rýnt er í möguleg áhrif lægðabrauta og veðrakerfa á ferðaplönin. Jafnframt verður fjallað ítarlega um veðurgögn og spár sem fjallafólk getur nýtt sér til að rýna í ferðaveðrið upp á eigin spýtur. Einkar áhugavert námskeið sem nýtist öllum sem hyggja á ferðlög, ekki síst að vetri til. Verð kr. 3.500,-



Kletthálsi 3 110 Reykjavík
Sími 540 4900
www.arctictrucks.is



Skráning og nánari upplýsingar á www.arctictrucks.is eða í síma 540 4900.

Þegar híbýlin hristast til

Há hús geta auðveldlega sveigst til í snörpum vindhviðum. Þó er ekkert að óttast að sögn Flosa Sigurðssonar, verkfræðings hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

„Háhýsi geta verið hönnuð stíf eða sveigjanleg. Þó að hér á landi séu byggð hús upp á 12 til 14 hæðir þá teljast þau ekki háhýsi á alþjóðlegan mælikvarða. Við erum ekki með 50-100 hæða hús eins og eru sums staðar erlendis og geta sveiflast allt upp í metra enda byggð úr stálgrindum. Hér á landi eru hús steypt og eru mjög stíf. Hæstu hús á

Íslandi sveiflast ekki nema um fáeina sentimetra. Þau verða að vera járnþent, þannig næst sveigjan í þau án þess að steypan springi.“ Þetta segir Flosi þegar hann er inntur eftir þeim eiginleikum sem háhýsi þurfa að hafa til að standast bæði hvassviðri og jarðskjálfta. Hann tekur þó fram að hann sé ekki sérfræðingur í hönnun háhýsa.

Flosi segir ekki yfirmáta flókið að hanna 12-14 hæða íbúðablokk. Vissulega þurfi að fara vel yfir alla krafta sem að þeim stöðji og leysa vandamálin með aðstoð stáls og steypu. „Það verður að reikna jarðskjálfta á húsíð og finna út hvernig krafturinn dreifist um það. Svo þarf að hanna súlur og bita þannig að húsíð sjái við þeim krafti án þess að bila, brotna eða velta. Þetta er allt gert í tölvum í dag. Þar eru búin til líkön, bæði einföld og flókin.“

Hvassviðri skekur hús líka og ef byggð eru mörg há hús með stuttu millibili geta myndast stífir vindstrengir. Flosi segir tekið tillit til afstöðu næstu húsa þegar ný eru sett niður. En hversu mikinn vind eiga íslensk hús að þola? „Ég get nú ekki svarað því þó að ég hafi átt þátt í því fyrir tíu, fimmtán árum að vinna að vindstaðlinum sem notaður er. Það fer eftir formi hússins, hæð og staðsetningu hvernig álagið er reiknað. Við Íslendingar setjum okkar gildi inn á evrópskan staðal. Hann er mismunandi frá einum stað til annars. Hitt veit ég að íslenski vindstaðallinn er mjög strangur. Menn eru að tala um þök fyrir 50 m á sekúndu hér í Reykjavík og enn meiri sums staðar annars staðar. Síðan er krafa um að gera sérrannsóknir ef byggð eru verðmæt mannvirki þar sem vænta má vindsveipa. Þá er átt við hvort byggt sé fyrir fólk eða ekki. Aðalatriðið er að menn kunni til verka. Það er til staðall og það eru til vinnubrögð og ef menn fylgja þeim þá á að vera hægt að hanna mannvirki án þess að mönnum sé hætta búin.“



Ef byggð eru mörg há hús á sama blettinum geta myndast stífir vindstrengir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Flosi segir fólk ekkert hafa að óttast þó að það finni hús sín sveiflast létt þegar íslenskur stormur geisar. „Annað væri óeðlilegt því þá væri hætta á broti,“ segir hann sannfærandi. gun@frettabladid.is

Nýtt á heimilinu



Snæfríð Þorsteins hönnuður reisti dagatalasúlu heima hjá sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gefur rýminu annað samhengi

„Ég kippti einum af gripunum sem eru á sýningunni heim með mér, það er stór hvít súla sem hallast upp að vegg og er með áprentuðu appelsínugulu dagatali fyrir átta ár,“ segir Snæfríð Þorsteins, grafískur hönnuður, um nýjustu breytingarnar heima hjá sér og á þar við grip af sýningunni sem hún opnaði nýverið í Gallery Turpentine ásamt Sigríði Sigurjónsdóttur.

„Súlan lifir sjálfstæðu og skemmtilegu lífi og gefur rýminu eitthvert annað samhengi en fyrir var, því þetta er ekki málverk og ekki skúlptúr, heldur er þetta einhvern veginn mitt á milli.“

Svo hefur reyndar lengi staðið til að breyta eldhúsinu og einhvern tímann átti það að vera fullfrægengið nú þegar, en ekki hefur verið byrjað á því enn þá. Eldhúsið á að fá andlitslyftingu og betra skipulag kannski og því verður eitthvað hagrætt svo það henti mínu lífi aðeins betur, plássíð verður aukið svo og geymslurýmið.“

-rt



„Það fer eftir formi húss, hæð og staðsetningu hvernig vindálag er reiknað,“ segir Flosi Sigurðsson verkfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valsað ál

fyrir þök og veggi
Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 16 litum

Ál er okkar mál **ÁLYAK**

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is



GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
<http://surprizetravel.is/gistingdk.html>
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

Jamaica

24. febrúar

frá kr. **106.990**

– með allt innifalið

11 nætur - allt innifalið



Ótrúlegt sértíloð
**** hótél m/allt innifalið



Mjög takmörkuð gisting í boði á þessu verði!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í ferðir til Karíbahafspertunnar Jamaica 24. febrúar. Í boði er gisting á góðu fjögurra stjörnu hóteli við Ocho Rios, Shaw Park Beach Hotel & Spa á ótrúlegum kjörum. Einnig eru til örfá herbergi á Sunset Jamaica Grande, sem er mjög gott 4 stjörnu hótél. Ævintýraeyjan Jamaica lætur engan ósnortinn. Eyjan er án efa ein fegursta eyja Karíbahafsins og hún býður stórkostlega náttúruferðir og veðurfar. Á Jamaica ríkir einnig einstakt andrúmsloft og menningin á sér vart hliðstæðu í Karíbahafinu. Sandstrendurnar eru drifhvítar og með þeim fegurstu í heimi. Eyjan skartar náttúruperlum eins og Dunn's fossunum, Blue Mountains og YS fossunum sem eru einstakar og láta engan ósnortinn. Reggie tónlistin ómar allsstaðar, taktur Bob Marleys fægasta sonar Jamaica. Þeir sem hafa komið til Jamaica eru flestir sammála um að eyjan hafi einstakt aðráttarafi. Griptu þetta frábæra tækifæri til að heimsækja þessa einstöku Karíbahafseyju á hreint ótrúlegum kjörum.

Verð kr. **106.990**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Shaw Park Beach & Spa með allt innifalið í 11 nætur. Ath. mjög takmörkuð gisting í boði á þessu sérstaka tilboðsverði

Verð kr. **139.990**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Sunset Jamaica Grande með allt innifalið í 11 nætur vegna forfalla. Aðeins örfá herbergi í boði.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Potsdamer Platz hefur verið endurbýgt frá grunni eftir fall Berlínarmúrins í glæsilegum nútíma arkitektúr.

Borg menningar og lystisemda

Berlín er meðal vinsælastu ferðamannaborga Evrópu og verður enginn svikinn af heimsókn í borg menningar og nútíma arkitektúrs.

Berlín er þriðja vinsælasta borgin í Evrópu af ferðafólki og er alltaf hægt að upplifa þar eitthvað, sama á hvaða tíma ársins er farið. Berlín er þekkt fyrir litríkt og fjölskrúðugt menningarlíf og hefur í gegnum árin laðað að sér listafólk. Borgin býður upp á ýmiskonar hátíðir allan ársins hring svo sem Love parade-gönguna og tónlistarhátíðir og aðra menningarviðburði og þar eru um 160 söfn og gallerí. Berlín hefur átt sér litríka sögu gegnum aldirnar og má segja að

sagan sé við hvert fótímal þegar gengið er um götur borgarinnar. Eftir seinni heimsstyrjöldina og sérstaklega eftir fall Berlínarmúrins hefur borgin verið endurbýtt í stórbrotnum arkitektúr sem má meðal annars sjá á Potsdamer Platz þar sem háir skýjakljúfar teygja sig til himins.

Nú um páskana bjóða GB ferðir sjö náttu ferðir til Berlínar með gistingu á fimm stjörnu hótélum, Hilton annars vegar og Hotel De Rome hins vegar. Bæði hótélum eru staðsett miðsvæðis í Mitte-hverfinu og eru helstu kennileiti borgarinnar í göngufæri svo sem Brandenburger-hlíðið, Unter der Linden og Dómkirkjan, svo eitthvað sé nefnt. Ferðirnar verða frá 20.-27. mars nk.



Á FERÐ UM HEIMINN Ógleymanleg ævintýri

MAROKKÓ

16. -23. mars uppselt!

6. - 13. september

KILIMANJARO

7. - 22. júní

Mt. BLANC

21. -29. júní

UMHVERFIS Mt. BLANC

1. - 9. Júlí

SUÐUR GRÆNLAND

18. - 25. júlí

25. júlí - 1. ágúst örfá sæti laus

1. - 8. ágúst

NEPAL

18. október - 10. nóvember

www.fjallaleidsogumenn.is

sími: 587 9999

Svipmyndir frá Berlín

Nokkrar skemmtilegar staðreyndir um Berlín.

- Berlín er höfuðborg Þýskalands.
- Hún nær yfir 892 ferkílómetra og er í 34 til 115 metra hæð yfir sjávarmáli.
- Íbúafjöldi er um 3,4 milljónir og er hún því fjölmennasta Þýska borgin.
- 86 prósent Berlínarbúa eru innfæddir Þjóðverjar. 3,34% eru Tyrkir, 1,26% Pólverjar og 1,53% frá fyrrum Júgóslavíu.

Frægasta setning sögð um Berlín: „Ich bin ein Berliner“ (Ég er Berlínararbúi) sem John F. Kennedy forseti Bandaríkjanna sagði í opinberri heimsókn í borginni árið 1963.


Í Berlín riginir 225 daga á ári.



Berlínarmúrinn illræmði féll árið 1989 eftir að hafa skipt Berlín upp í 28 ár. Hluti múrsins stendur enn víða um borgina til minningar um þessa tíma og á löngum kafla má sjá svokallað East Side Gallery þar sem ýmsir listamenn hafa myndskreytt múrinn.



Brandenborgarhlíðið var byggt af Carl Gotthard Langhans á árunum 1788 til 1791. Það var eitt af borgarhlíðum Berlínar og er nú eitt af helstu táknum borgarinnar.



Minning um stríð. Minningarkirkja Vilhjálms keisara stendur við Kurfürstendamm. Hún var byggð 1891 en var sprengd í seinni heimstyrjöldinni. Rústir kirkjunnar voru látnar standa til minningar um stríðið og ný kirkja byggð þétt upp við þá gömlu árið 1957.



Heildarlausnir í lyfturum fyrir fiskvinnsluna

Nútímaleg hönnun • Gott aðgengi ökumanns • Hjóðlátur • Hemlar í olíubaði • Gott þjónustuaðgengi

VÉLARÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

verktakar

MÍÐVIKUDAGUR 13. FEBRÚAR 2008



Úr dúkum í tónlist
Sigríður Beinteinsdóttir
tónlistarkona stundaði dúk-
lagningar í eina tíð. **BLS. 2**



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



130 m á hæð

„GP krana eiga á annan tug bílakrana af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna.“

Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP krana

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir



LYSING.IS // 540 1500

Úr dúkum í tónlist

Söngkonan Sigríður Beinteinsdóttir lagði dúka í mörg ár áður en hún sló í gegn með sígilda slagara á borð við „Vertu ekki að plata mig“.

Sigríður Beinteinsdóttir er í hugum flestra fyrst og fremst tónlistarmaður. Færri vita að hún var hársbreidd frá því að klára nám sem dúklagningamaður. Það má með sanni segja að dúklagningar renni í æðum fjölskyldu Sigríðar því faðir hennar og tveir bræður eru lærðir dúklagningamenn og því má segja að þetta starf hafi legið fyrir hjá Sigu Beinteins eins og flestir þekkja hana.

Sigga byrjaði strax um ellefu eða tólf ára aldri að aðstoða föður sinn um helgar og á hinum ýmsu fríðögum. Hún var ekki mikið í dúkalagn-

ingastörfum í fyrstu en gekk frá og sópaði. Þá stundaði hún nám í dúklagningum og vann hjá föður sínum í nokkur ár áður en tónlistin varð hennar aðal atvinnugrein.

Sigríði þótti starfið sem dúklagningamaður mjög fjölbreytt og skemmtilegt og enginn dagur eins. „Ég var ekki alla daga að leggja dúka því starfið fólst einnig í að flísaleggja, veggfóðra og teppaleggja,“ segir Sigríður ánægð.

Þessi fjölbreytileiki var afskaplega þægilegur því vinnan fór fram um borgina þvera og endilanga og það var nýtt fólk á hverjum stað. Sigga var oft beðin um að taka lagið en fólk fór að þekkja hana eftir að lagið „Vertu ekki að plata mig“ varð vinsælt. Sigríður tók þessu vel og fólk var almennt mjög ánægð með störf hennar hvort sem það voru stór eða lítil verk.

-mnr



Sigga var oft beðin um að taka lagið við dúklagningastörfin eftir að „Vertu ekki að plata mig“ varð vinsælt.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Iðnaðarhurðir

Loading systems iðnaðarhurðir, eru fánlegar fyrir allar stærðir vöruhúsa og bílskúra.

SINDRI

Sími: 575 0000 www.sindri.is
Bæjarhraun 12, Hafnarfirði



Framkvæmdir ganga vel en verið er að koma þaki á og gluggum í húsið þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fornbílaklúbburinn flytur í nýtt hús á þessu ári

Við Rafstöðvarveg austan Elliðaár rís nú nýr sýningarsalur Fornbílaklúbbsins en áætlað er að verkinu ljúki á þessu ári.

Á Rafstöðvarvegi 9 við Elliðaárnar byggir Fornbílaklúbbur Íslands um 1.050 m² húsnæði á tveimur hæðum. Húsið er ætlað undir sýningar og félagsstarf. Framkvæmdir hófust í byrjun árs 2006 og í september 2007 var steypuvinnu lokið. Áætlað er að taka húsið í notkun á þessu ári.

„Framkvæmdirnar ganga bara vel, það er verið að koma þakinu á húsið og gluggunum í,“ segir Sævar Pétursson formaður Fornbílaklúbbsins en félagið telur um 800 manns svo þörf var á nýju húsnæði undir starfsemi.

Áður var Fornbílaklúbburinn með aðstöðu til félagsstarfa í Árbænum en hafði ekki sýningarsal undir bílana og segir Sævar nýja



Áætlað er að starfsemi geti hafist í nýju safnhúsi Fornbílaklúbbsins á þessu ári en framkvæmdir hófust 2006.

húsið verða byltingu fyrir félagið. „Félagið er alltaf að stækka og mikill vöxtur í því núna og þörf fyrir hús, það verður ekkert vandamál að fylla sýningarsalinn af bílum,“ segir Sævar en húsið er fyrst og fremst hugsað sem safnhús.

Orkuveita Reykjavíkur er líka að byggja á svæðinu og munu þessar byggingar tengjast í sameiginlegu andyri fyrir fræðslumiðstöð Orkuveitunnar Rafheima, Minjasafn Orkuveitunnar og Fornbílaklúbbinn.

-rat



Svona mun nýtt safnhús Fornbílaklúbbsins líta út fullklárað.

MYND/FB

● UMHVERFISMAT RÆTT Á GRAND HÓTEL

Málþing um umhverfismat áætla verður haldið á Grand Hótel Reykjavík fimmtudaginn 28. febrúar 2008 frá kl. 9.30 til 12.00. Lög um slíkt umhverfismat tóku gildi um mitt ár 2006 og er markmið þeirra að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að sjálfbærri þróun. Umhverfismat áætla felur í sér mat á umhverfisáhrifum áætlunar samhliða stefnumörkun ásamt gerð umhverfisskýrslu þar sem gerð er grein fyrir matinu og niðurstöðum þess.

Skipulagsstofnunin hefur borist nokkur fjöldi skipulagsáætlana sem falla undir lög frá því þau voru sett. Með hliðsjón að þeim áætlunum og skýrslum má álykta að nokkuð vanti upp á að skipulagsvinnan sé unnin með markmið laganna að leiðarljósi. Því boðar Skipulagsstofnun til málþings til að hægt sé að ræða umhverfismat áætlana og þá reynslu sem ólíkir þátttakendur hafa af umhverfismati áætlana til þessa og væntingar.

Gert er ráð fyrir 10-15 mín erindum frá fulltrúa sveitarfélags, frjálsra félagsamtaka, ráðgjafa, Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar.

Nánari upplýsingar á vefsíðu Skipulagsstofnunar www.skipulag.is en tilkynna þarf um þátttöku fyrir 27. febrúar.



Grand Hótel Reykjavík.



Öryggi í vinnunni!

- ENDURSKIN, ÖRYGGI, ÞÆGINDI

Vissir þú að í Dynjanda færðu **alvöru** öryggisbúnað, höfuðljós, heyrnarhlífar, skó, fatnað, gleraugu, hjálma og fleira og fleira?

Komdu og kynntu þér málið!

DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3 - Sími: 588 5080 - dynjandi.is

NPK fleygar



PARTUR – SPYRNAN – LYFTARAR
 ELDSHÖFÐA 10 - 110 REYKJAVÍK - SÍMAR 585 2500 OG 567 8757



Eymar Birnir Gunnarsson, annar eigenda Reddarinn.is.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Redda málum

Mörgum vex það í augum að hengja upp ljós, festa gardínustangir eða losa stíflu í baðvaskinum. Því fer fjarri að handlagirnir einstaklingar leynist á hverju heimili og hvað er þá til ráða?

Reddarinn.is er glænýtt fyrirtæki sem býður upp á alhliða redding- ar frá A til Ö. Starfsmenn fyrirtækisins ganga í allt frá ljósaperuskriptum upp í stærri aðgerðir. „Við tökum meðal annars að okkur málningarverkefni, parketlagnir, stíflulosun og klósettviðgerðir,“ segir Eymar Birnir Gunnarsson, annar eigenda fyrirtækisins. „Ég og Silja Þorbjörnsdóttir, sem sér um bókhaldshliðina, fundum að þörf var á þjónustu sem þessari og fórum af stað með fyrirtækið fyrir nokkrum vikum,“ bætir hann við.

Eymar hefur starfað sem verktaki um margra ára skeið og hefur mikla reynslu af þeim vandamálum sem geta komið upp á heimilum eða í fyrirtækjum. Hann segir fólki stundum finnast vandamálin smávægileg en hann segir ekkert verkefni of lítið fyrir Reddarann. „Ef fólk er með stærri vandamál leysum við þau líka. Ef við metum það svo að það þurfi fagmenn eins og pípara eða rafvirkja í verkið þá erum við með þá á okkar snæmál. Við þössum vel upp á það að ganga ekki of langt inn í verkahring fagmanna.“

Eymar segir nóg að gera og fyrirtækið sé í örur vexti. „Við sjáum strax fram á að þurfa að ráða fleiri starfsmenn til að anna eftirspurn.“ Eymar segist hafa mjög gaman af starfinu og segir ánægjulegt að geta aðstoðað fólk við að leysa hin ýmsu vandamál. „Við lítum reyndar ekki á þau sem vandamál heldur verkefni.“ -ve

SKF

N1



LEGUR

Legur • Leguhús • Reimar • Tannhjól • Reimskífur
 Pakkdósir • Sérverkfæri • Legufeiti

Filem/SIA

N1 VERSLANIR

WWW.N1.IS

N1 býður úrval af legum og tengdum vörum fyrir iðnað, bifreiðar og sjávarútveg. Hafðu samband við fagmenn okkar í síma 440 1233.

TILBOÐSVERÐ 600.000

MSB

MSB JARÐVEGSÞJAPPA

HAG

MSB MSHV 2000H
 Þyngd: 850kg
 Þjoppun: 7l
 Vélarstærð: 14-25l

5672520


Vélar og vökvalleygar á lager



Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Heildarlausnir

A góðum hjánum



≡ HÉÐINN ≡

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Íslenskur iðnaður

MÍÐVIKUDAGUR 13. FEBRÚAR 2008



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

ÍÐNÞING 2008

ÍSLAND – EVRÓPA MÓTUM EIGIN FRAMTÍÐ

Evrópumálin verða til umræðu á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins á Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 6. mars.

Taktu daginn frá



SI

Samtök iðnaðarins

Verðmætur úrgangur

Endurvinnsluiðnaður er vaxandi atvinnugrein á Íslandi en með aukinni áherslu á flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu hafa skapast tækifæri til mikill- ar verðmætasköpunar.

„Endurvinnsla er sú grein iðnaðar sem höndlar með úrgang sem hráefni,“ segir Bryndís Skúladóttir forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins. „Í úrgangi felast mikil verðmæti, en hann fellur til víða og getur verið djúrt að safna honum. Söfnun byrjar á heimilum landsmanna og fyrirtækjum og eftir því sem hann er hreinni og betur flokk- aður er hann dýrmætari,“ segir Bryndís og nefnir sem dæmi um úrgang sem hægt er að endurvinnna að nýju: gúmmí, plast, málm, pappír, pappa, gler og matarúrgang.

„Lífrænn, blautur matarúrgangur er unninn hérlendis í auknum mæli og jarðgerður í áburðinn moltu. Endurvinnsla hefur á sér marga vinkla og molta er dæmi um ákveðna endurnýtingu sem aftur er skilað til jarðarinnar. Í moltugerðina fellur til fisk- og kjötaf- gangur úr matvinnslufyrirtækjum sem aftur er jarðgerður að mestu, en samkvæmt nýrri reglugerð er strangt á kveðið um hvað má endurvinna og hvað ekki, og það má segja að það sé sá hluti skepnunnar sem við megum borða, á meðan aðrir hlutar mega ekki endurný- ast,“ segir Bryndís og nefnir orku- endurvinnslu sem annað dæmi í endurvinnsluiðnaði.

„Orkuendurvinnsla er stór hluti endurvinnsluiðnaðar í nágrenna- löndunum, eins og Danmörku þar

sem sorp er brennt til orkunýtingar. Hérlendis er afgangsgas unnið af urðunarstað og úr því fengið metangas hjá Metan hf. sem síðan er sett á bíla. Orkuendurvinnsla er til staðar á Suðurnesjum, Húsa- vík og Kirkjubæjarklaustri,“ segir Bryndís, en dæmi um stóra aðila í íslenskum endurvinnsluiðnaði eru gámafyrirtækin Hringrás, Gáma- þjónustan, Íslenska gámafélag- ið, Sorpa og sambærileg fyrirtæki sveitarfélaga um allt land.

„Til að endurvinnsla virki og allt komist til skila þarf öll keð- jan að virka. Að mestu snýst endur- vinnsluiðnaður á Íslandi um söfnun, flokkun og pökkun úrgangs sem sendur er áfram til útlanda til endurvinnslu. Tilraunir hafa verið gerðar með áframvinnslu hér á landi, en ekki alltaf gengið sem skyldi enda ræður mark- aðslögmálið hér sem annarsstað- ar og íslenska þjóðin of fámenn til að slíkt borgi sig, þótt hér séu fáein fyrirtæki að gera mjög góða hluti í áframvinnslu úrgangshráefnis,“ segir Bryndís sem hvetur Íslend- inga til að flokka sorp.

„Nú er boðið upp á allskyns lausnir eins og endurvinnslutunn- ur til heimila. Hafið er samstarf sveitarfélaga við endurvinnslufyr- irtæki um að bjóða íbúum þessa þjónustu, en víðast þarf að greiða sérstaklega fyrir tunnurnar þótt allir borgi sorphirðugjöld með sínu útsvari. Það er í höndum sveitar- félaga að ákveða hvort öll heimili eru útbúin sorptunnum til flokkun- ar úrgangs, en gott verð fæst fyrir hluta af úrganginum sem vegur upp á móti kostnaði sveitarfélaga við sorphirðuna.“

-þlg



Bryndís segir endurvinnsluiðnað byrja á heimilum landsmanna, sem og fyrirtækjum, og að öll keðjan þurfi að virka til að endurvinnsluiðnaður skili sem bestum arði og árangri.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Hringstigar

Weland hringstigarnir eru einföld og hagkvæm lausn.

SINDRI

Sími: 575 0000 www.sindri.is
Bæjarhraun 12, Hafnarfirði



Ólafur Gunnarsson sölustjóri heldur góðu sambandi við bændur gegnum símann.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Blandað, hitað, kögglað og kælt

Fyrirtækið Fódurblandan stendur við Korngarða og á það vel við. Nánast á sömu þúfu eru þrjú önnur kornfyrirtæki, Kornax, MR/Lifland og Kornhlaðan.

Ólafur Gunnarsson er sölustjóri hjá Fódurblandunni og er í nánum tengslum við bændur um allt land gegnum símann. Útsýnið úr glugganum hans er upp á milljón þar sem Viðey blasir við úti á sundunum og þegar grillir í Esjuna gegnum snjófjúkið hækkar það umsvifalaust upp í eina komma tvær.

Ólafur hefur verið í fódur- bransanum í þrjátíu ár og segir

kúabúunum hafa fækkað úr 1.600- 1.700 niður í 700 á þeim tíma. „Búin hafa þjappast saman og tæknin er alltaf að aukast innan dýra. Áður var hún öll úti á túni,“ segir hann. Þrátt fyrir hækkandi fódurvöruverð telur hann bjart framundan hjá íslenskum bændum. „Það á enginn séns á að flytja inn landbúnaðarvörur til að keppa við okkar. Þær eru svo góðar,“ fullyrðir hann. Felur síðan verk- smiðjustjóranum Jóni Kristins- syni að sýna Fréttablaðsfólki hvar fódrið er blandað í stórum hræri- vélum, hitað, kögglað og kælt.

Fódurblandan stendur undir nafni. Fyrirtækið býr til blöndur handa öllum tegundum húsdýra og eldisfiska og ekki bara eina

blöndu handa hverri dýrategund heldur margar. Mikið gúmmel- aði. Hráefnið kemur víða að úr veröldinni, fátt af því er íslenskt annað en fiskimjöl og lýsi. Maís- skip frá Bandaríkjunum er við ka- jann með 4 til 5 þúsund tonn.

Magnið sem framleitt er hjá Fódurblandunni fer upp í 1.000 tonn á viku þegar mest gengur á að sögn Jóns. Hluta af fóðri- nu er ekið í tankbílum heim á búin, annað er sekkjað í mis- stóra poka. Birgðastöðvar eru á Selfossi, Hvolsvelli og Egilsstöð- um. Stundum eru búnar til blönd- ur fyrir ákveðin bú ef fóðurgildi heysins er lélegt eða ef sýking- ar koma upp og sérfeðis er þörf fyrir gripina.

-gun



Á ganginum eru sýnishorn af útungun- arvarpkruli, holdaköggjum, ungamjöli, ungrissaköggjum og seiðafóðri.



Hér er fiskifóður að verða til. Heitt og meyr á þessu stigi enda á það eftir að fara í kælingu.



Gæði í hverri gjöf stendur á þessum sekk. Talan stendur fyrir próteininni- haldsprósentu.




Þórir Kristjánsson stjórnar framleiðslunni gegnum tölvuna.



Guðni Jónsson sér um framleiðslu á fiskafóðri.

Gólfhitakerfi

Roth gólfhitakerfi sem er létt að leggja og fljótt að virka.



Reykjalundur
Plastiðnaður

dælur

Smíðjuvegur 74 – 200 Kópavogur – 5 400 600
Reykjalundur – 270 Mosfellsbær – 530 1700
Lónsbakki 2 – 601 Akureyri – 460 1760

Smíðar inn í Ráðhúsið

Húsgagnaframleiðsla er ekki stór iðnaður hér á landi en þó eru nokkur framleiðslufyrirtæki starfrækt bæði stór og smá.

Árni Jóhannsson hjá Samtökum iðnaðarins segir blómaskeið íslenskrar húsgagna- og innréttingaframleiðslu hafa verið fyrir þrjátíu árum þegar tollar voru á innfluttum vörum.

Nokkur framleiðslufyrirtæki hafa þó staðið af sér þessar breytingar og nefnir Árni meðal annars fyrirtæki eins og Á. Guðmundsson, GKS, Axis og Brún á Egilsstöðum. Eitt þeirra minni fyrirtækja sem hafa verið starfrækt í tugi ára er trésmíðaverkstæðið Grein ehf.

Geir Oddgeirsson húsgagnasmíður stofnaði

fyrirtækið ásamt tveimur félögum sínum árið 1967 og hefur það verið starfrækt í 40 ár. Geir flutti fyrirtækið úr Kópavogi að Litla-Bæ á Vatnsleysuströnd árið 2002 þá orðinn einn eigandi.

„Við höfum verið í innréttingum og sérsmiði í gegnum tíðina en eftir að ég flutti hérna suður eftir hefur þetta orðið minna,“ segir Geir.

„Þetta verður nú ekkert stærra hjá mér því ég er orðinn svo gamall, búinn að vera með sama fyrirtækið í 40 ár, en af því að maður kann ekkert annað endist maður við þetta.“

Geir lærði húsgagnasmíði hjá Sigurði Júlíusyni og tók prófið 1963 og hefur ekki fallið verk

úr hendi síðan. „Já já, ég þarf eiginlega að fara huldu höfði, það er svo mikið að gera. Þetta eru mest fyrirtæki sem leita til okkar með innréttingasmíði og við höfum smíðað talsvert inn í Ráðhúsið og afgreiðsluna í Þjóðarbókhöfðunni og fyrir Hæstarétt. Svo eru þetta eru ýmis smáverkefni sem við erum að klára núna. Maður vill ekki hafa of langan lista hangandi fyrir framan sig.“

-rat



Geir Oddgeirsson hefur rekið trésmíðaverkstæðið Grein ehf. í 40 ár og segir alltaf nóg að gera.

MYND: KURFRÉTTIR



Afhendingin fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur

● NÝSVEINAR VERÐLAUNAÐIR

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík hélt í byrjun febrúar verðlaunahátíð nýsveina í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þá voru verðlaunaðir nýsveinar sem náð höfðu framúrskarandi árangri á sveinsprófi. Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson afhenti verðlaunin en alls hlutu níu nýsveinar og meistara þeirra viðurkenningu.

Þessir nýsveinar hlutu viðurkenningu Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík:

Ágúst Ingi Davíðsson, silfurverðlaun í rafvirkjun.

Ásgeir Páll Gústafsson, silfurverðlaun í rennismíði.

Guðlaugur Sigurgeirsson, silfurverðlaun í húsasmíði.

Hanna Elina Arima, silfurverðlaun í söðlasmíði.

Hermann Geir Rúnarsson, bronsverðlaun í prentun.

Katrín Jónsdóttir fékk silfurverðlaun í grafískri miðlun. Katrín fékk einnig námsstyrk við Háskólann í Reykjavík.

Krístín Þórsdóttir, bronsverðlaun í hársnyrtið.

Sigurður Guðbrandsson, silfurverðlaun í rafeindavirkjun.

Þorsteinn Árnason, bronsverðlaun í skrudgærðyrkju.

● MIKIL FJÖLGUN HJÁ IÐUNNI

Á árinu 2007 voru haldin 196 námskeið á vegum IÐUNNAR - fræðsluseturs, þetta er 58% aukning frá árinu 2006 en þá voru haldin 124 námskeið.

Námskeiðin eru allt frá því að vera einföld tölvunámskeið upp í mjög sérhæfð námskeið. Á vegum IÐUNNAR hafa líka verið haldin réttindanámskeið fyrir mannvirkjahönnuði og bílasala. Fjöldi þátttakenda á námskeiðum hefur aukist úr 1.366 í 1.882 eða 37% á milli ára.



Fermingargjöf frá okkur:

Við gefum 5.000 kr. upp í fermingarrúm.



Svíf þú inn í Svefninn



Úrval fylgihluta:

Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, dýnuhlífar, náttborð og fleira.



Eftir þínu höfði:

RB-rúmin og gaflar eru sérsmiðuð eftir þínum óskum. Þú ræður lengd, breidd, hæð, fótum og lit á gafl og botni.

RB-rúm er í heimssamtökum ISPA, sem eru gæðsamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun springdýna.

Opið alla virka daga frá 8–18 og á laugardögum frá kl. 10–14.

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is




Stofnað 1943

HUGMYNDASAMKEPPNI UM HÁSPENNULÍNUMÖSTUR

Landsnet hf. hefur efnt til hugmyndasamkeppni um hönnun háspennulínumastra í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Markmið samkeppninnar er að fá hugmyndir að gerð og útliti masturs eða mastra í 220 kV háspennulínu. Landsnet leggur áherslu á að sjónræn áhrif mastranna (línunnar) verði skoðuð sérstaklega í samkeppni þessari og að keppendur komi með tillögur að útfærslu mastra sem taka tillit til þessa eins og kostur er, og er þá bæði miðað við möstur (línu) nærri þéttbýli og í óbyggðu landi.

Samkeppnin er almenn hugmyndasamkeppni og er gefin út á íslensku og ensku og verður auglýst erlendis. Dómnafnd er skipuð fimm fulltrúum, tveimur arkitektum frá AÍ og þremur fulltrúum frá útbjóðanda. Skiladagur samkeppninnar er 28. mars 2008 og frestur til fyrirspurna rennur út 3. mars 2008.

Nánari upplýsingar um samkeppnina má finna á vef Arkitektafélags Íslands, www.ai.is.



SKÓFLUSTUNGA Á AKUREYRI

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, tók fyrstu skóflustunguna að fjórða áfanga nýbygginga Háskólans á Akureyri við Sólborg nýverið.

Byggingin er liður í því að koma starfsemi háskólans á eitt og sama svæðið sem er til mikillar hagræðingar. Í viðbyggingunni verða hátíðarsalur og fyrirlestrarsalur, auk smærri kennslurýma. Einnig er gert ráð fyrir bílastæðum og háskólatorgi. Verklök eru áætluð sumarið 2010. Auk menntamálaráðherra tóku Þorsteinn Gunnarsson rektor og Reynir Albert Þórólfsson, formaður Félags stúdenta, til máls.

Sjá nánar á www.akureyri.net



SANY VINNUVÉLAR

Komdu og kynntu þér beltagröfur og veghefla frá SANY. Einnig fleygar frá FRANK og skóflur smíðaðar hjá Vélsmiðju Guðmundar.



TILBÚNAR TIL AFGREIÐSLU!

Vélsmiðja Guðmundar // Íshellu 10 // Hafnarfjörður // Sími 555 2699 // www.sany.is

Hágæða vörur á góðu verði
auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka

NÝTT

NÝTT

VARÚÐARLJÓS • LJÓSKASTARAR • DÍÓÐULJÓS • KELSA LJÓSAGRINDUR Á FLESTA VÖRUBÍLA



aldrei að skafa

Webasto olíumiðstöðvar

Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!



Parlok vörubílabretti úr polyethylen



SV vörubílademparar viðhaldsfrír - mjög sterkir



Ryðfrír kassar



margar gerðir frábært verð

NÝTT

NÝTT

Holland dráttarstólar 25 og 36 tónna • Undirvagnsvarnir með ljósum

Webasto olíumiðstöðvar Parlok vörubílabretti Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós Be-Ge vörubíla og vinnuvélastólar BAWER ryðfrír kassar fyrir vörubíla

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330



DOOSAN

TILBOÐSVERÐ: 7,8 m

Doosan S 140 LC
14 tonn, Tönn, Hraðtengi
Smurkerfi, 700 spymur

HAG 5672520
Vélar og vökvafleygar
á lager

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Daniel Óðinsson er framkvæmdastjóri Járnsmiðjunnar en þar starfa einnig móðir hans, faðir og systir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Arrowhead Brotfleygar



VÉLFANG VERKIN TALA

VR
FYRIRTEKI
ÁRSINS
2007

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is

Hugmyndirnar öðlast líf

Hjá Járnsmiðju Óðins verða hlutirnir til en þar starfar heil fjölskylda undir einu þaki.

Járnsmiðja Óðins hefur verið starfrækt síðan 1986. Hún var stofnuð af Óðni Gunnarssyni meistara í vélvirkjun. Kona hans Auður Hallgrímsdóttir er fjármálastjóri fyrirtækisins og Daniel Óðinsson sonur þeirra, sem einnig er meistari í vélvirkjun, er framkvæmdastjóri.

Þá er dóttir þeirra Hallgerður Kata Óðinsdóttir einn af tíu starfsmönnum en hún bæði smíðar og setur upp. Hún starfar sem stálsmiður og er að sögn móður hennar lista suðumaður og greinilega handverksmaður af guðs náð eins og bróðir hennar og faðir. Það má því segja að járnsmiðin renni í æðum fjölskyldunnar.

Fyrirtækið framleiðir ýmsar nytjavörur úr stáli fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Má þar nefna ýmiskonar stiga, inni-

og útihandrið, svalir og sérsmiðuð húsgögn af ýmsu tagi. Þar á meðal borð, stóla, hillur, ljósakrónur og fatahengi. Þá framleiðir fyrirtækið nokkrar gerðir af ryðfríum glerfestingum og gleri.

„Við sérsmiðum flestar vörurnar eftir pöntum frá viðskiptavinum. Þeir koma ýmist með teikningar frá arkitektum eða eigin hugmyndir sem starfsmenn fyrirtækisins aðstoða þá við að útfæra,“ segir framkvæmdastjórinn Daniel Óðinsson. Hann segir fyrirtækið smíða hluti fyrir hótél, verslanir og veitingastaði og nefnir hann Panorama bar í Leifstöð sem dæmi.

„Við erum þó líka í smærri verkefnum og útfærum hönnun og hugmyndir af ýmsu tagi. Starfsemi okkar grundvallast fyrst og fremst á góðum starfsmönnum með mikla menntun og reynslu og hafa margir þeirra langan starfsaldur hjá fyrirtækinu.“

Ert þú leið(ur) á að skipta um þerur?

DÍÓÐULJÓ SIN FRÁ OKKUR ERU:



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA



et EFF VERSLUN

Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

Ljósín frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...



TRUCK - LITE

Ljósasamlökurnar frá okkur eru:

ÓBRJÓTANDI
HÖGGPOLNAR
ENDAST OG ENDAST



Íbúar Reykjanesbæjar gætu skellt sér í vatnaleikjagarð á næstunni.

• VATNALEIKJAGARÐUR Á NÆSTA LEITI

Vinna við endurbætur á botni vatnaleikjagarðs í Vatnaveröld í Reykjanesbæ er nú á lokastigi. Búið er að leggja nýtt grunnefni í botninn og verið er að ganga frá yfirlagi. Ef allt gengur að óskum verður hægt að opna vatnaleikjagarðinn í lok vikunnar.

Sjá frétt af www.vf.is





Endurnýjunar- og
viðhaldskerfi fyrir þök



Svo einföld getur lausnin á þakleka þínum verið



Eins og regnhlíf ver Pace® þakvarnarkerfið þakið fyrir raka og ryði. Hin teygjanlega, samskeytalaus gúmmihúð er mikið hagkvæmari kostur en að skipta um þak. Sparaðu með Pace®.



Fáðu þakið metið
strax í dag þér að
kostnaðalaus

696 7282
pace@coat.is



Trégluggar og -hurðir



Gæði og þjónusta í meira en 50 ár!



Gluggasmiðjan

Viðarhöfði 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmidjan.is



SKRÁÐUR
SYSTUR

Tónleikar
gegn

kynpáttahatri
í Austurbæ.

Miðvikudaginn
20.febrúar kl. 20:00
FRÍTT INN

VETRAR FJÖR

Frábært verð á vetrarvönum bílum í febrúar.
Verið velkomin á Vetrarfjör í B&L!



Tekið er á móti gestum og gangandi með heitu kakói og kleinum í sýningarsal okkar að Grjóthálsi. Óvæntir glaðningar fyrir gesti Vetrarfjors – frábær verð hjá B&L og umboðsmönnum um allt land.



SantaFe
Sjálfskiptur, 2.7L.

Vetrartilboð: **3.980.000**
Verð áður: 4.080.000
Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.),
dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.)
og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
320.000 kr.



Land Rover Freelander
Sjálfskiptur, leður, 2.2L., 160 hö.

Vetrarfjörverð: **4.670.000**
Verð áður: 4.770.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 110 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
345.000 kr.



Tuscon
Beinskiptur, 2.0L.

Vetrarfjörverð: **2.850.000**
Verð áður: 2.930.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 70 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
285.000 kr.



Síðustu **Arctic-Cat**
sleðarnir á sérstöku
Vetrarfjörstilboði
- fyrstir koma, fyrstir fá



BMW X5
Sjálfskiptur, 3,0L., 272 hö.

Vetrarfjörverð: **7.780.000**
Verð áður: 8.020.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 160 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 140 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
590.000 kr.



Renault Megane Sport Tourer
Beinskiptur, 1,6L., 115 hö.

Vetrarfjörverð: **2.290.000**
Verð áður: 2.400.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 40 þ.)
og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
200.000 kr.



Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 - 110 Rvk - Sími: 575 1200 - www.bl.is

Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.

Umboðsaðilar: Bílas, Þjóðbraut 1, Sími: 431 2622 - Bílasala Akureyrar, Freyjunesi 2. Sími: 461 2533

B&L Selfoss, Hrísmýri 2a., Sími: 575 1460 - Bílasala Keflavíkur., Bolafæti 1, Sími: 421 4444



Heimsókn- vinir gefa lífinu lit

Heimsóknvinir Rauða krossins eru sjálfbóðaliðar á ýmsum aldri. Þeir heimsækja fólk á einkaheimilum, stofnunum, sambýlum og á dvalarheimilum aldraðra. Einnig fá fangar, hælisleitendur, fólk með geðraskanir og langveik börn heimsóknir. Markmiðið er að draga úr einsemd og félagslegri einangrun.

Viltu fá heimsóknvin?

Hundruð manns fá reglulega heimsóknvin frá Rauða krossinum til að spjalla, lesa, tefla, syngja og fara út að ganga eða í bíltúr. Hafðu samband og leitaðu nánari upplýsinga um fyrirkomulag heimsóknabjónustunnar.

Viltu gerast heimsóknvinur?

Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sjálfbóðaliðum í heimsóknabjónustu einu sinni í viku, klukkustund í senn.

Námskeið

Undirbúningsnámskeið fyrir þá sem eru að hefja störf sem heimsóknvinir verða haldin:

19. febrúar kl. 18-21 hjá **Kópavogsdeild**, Hamraborg 11, sími 554 1222.

26. febrúar kl. 18-21 hjá **Kjósasýsludeild**, Pverholt 7, sími 565 2425.

27. febrúar kl. 18-21 hjá **Reykjavíkurdeild**, Laugavegi 120, sími 545 0400.

8. apríl kl. 18-21 hjá **Reykjavíkurdeild**, Laugavegi 120.

15. apríl kl. 18-21 hjá **Hafnarfjarðardeild**, Strandgötu 24, sími 565 122.

21. apríl kl. 18-21 hjá **Kópavogsdeild**, Hamraborg 11.

Farið er í hugsjónir Rauða krossins og hlutverk sjálfbóðaliða. 3 tímar – **ekkert þáttökugjald**.

 **Rauði kross Íslands**
raudikrossinn.is



STUÐ MILLI STRÍÐA Múhameð og fjallið

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR ÞRÁIR EKKERT HEITARA EN AÐAR GANGSTÉTTIR



Ef ég væri þátttakandi í fegurðarsamkeppni nákvæmlega núna, og allt of brúnn spyrill með allt of hvítar tennur spyrði hvers ég myndi óska mér ef ég fengi bara eina ósk uppfyllta, yrði svarið auðar gangstéttir. Aðrir mega hafa áhyggjur af heimsfriði.

Enginn árstími reynist mér jafn erfiður og sá sem nú gengur í garð. Ég nýt mín í jólaljósastemningunni í desember, og janúarmyrkrið er leikandi létt. Það er þessi tími sem fer alveg með mig, þegar daginn er tekið að lengja, það sér til sólar á ný og einhvers staðar í afkimum meðvitundarinnar lætur

sú hugsun á sér kræla að einhvern daginn, einhvern tíma, komi vor á ný. Ég verð viðþolslaus.

Ég bý svo illa að eiga fjölskyldu í dálítið hlýrra landi. Þaðan berast nú reglulegar skýrslur af laufgun trjáanna, sem er víst í blússandi gangi. Blóm eru farin að skjóta sér upp úr moldinni, og fólk skýtur nefi upp úr rúllukragapeysum og þefar af átta gráðu heitu lofti. Einu blómin sem ég hef séð svo mánuðum skiptir eru þessi í mynstrinu á sængurfötunum mínum og ég er komin með meira en nóg af þeim.

Ég hef löngum hrósað sjálfri mér fyrir að vera hagsýn og praktísk með eindæmum. Þannig fell ég aldrei í þá gryfju að halda berleggja niður í bæ í norðan átján og

enda með hárgreiðslu, maskara og hor niður á höku. Ég er manneskjan sem hlær að ykkur, þar sem ég sit í sautján peysum inni á kaffihúsi með kakóbolla í hönd. Það styttest hins vegar í að hagsýnin verði látin róa. Lopapeysur eru ágæt, en nú er komið feikinóg.

Ég hyggst nú fylgja straumi harðgerustu skepnu í heimi, íslenska kvendýrsins. Þið megið alveg hlæja að mér ef þið viljið, en ég mun klæðast pinnahælum og vorkjólum frá og með deginum í dag. Spakmæli dagsins eru þessi um Múhameð og fjallið, og svo hin víðfræga sletta: feikaðu það þangað til þú meikar það. Í mínum bókum, svona áður en ég missi vitið alveg, er komið vor.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



... freta, drepa, nauðga, kýla ...

LEIKLIST

Baðstofan

eftir Hugleik Dagsson
Lýsing: Egill Ingbergsson. Búningar: Þórunn Elísabet Sveinsdóttir. Hljóð: FLís og leikhópurinn. Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir. Leikstjóri: Stefán Jónsson

★★★

Allar klisjurnar saman komnar á einum stað



LEIKLIST Skemmtilegt er myrkið – spurning bara hvar það er svartast – á sviðinu eða í hausnum á aðstandendum?

skilar sínu vel, er skýrmælt og viðkvæm en ákveðin, þótt hefði mátt leggja persónuna þannig að hún hlyti meiri samúð og skilning áhorfenda. Bæði Unnur þessi og Lalli, sjórekni Grænendingurinn eða hafmaðurinn, eru andstæður hinna persónanna að því leyti að þau eru boðberar annarra möguleika. Unnur tönnlast á spurningunni um hvort það sé ekki bara allt í lagi að vera einhleyp. Það hefði mátt hnykkja aðeins betur á þessum atriðum sem hálfpartinn hurfu í öllum látunum. Hún var til dæmis að pára ljóð en steinhætti því eftir að hún varð ólétt.

Stefán Hallur Stefánsson fer með hlutverk marbendis og það er vitaskuld vandasamt hlutverk því hver veit hvernig marbendlar tjá sig og hreyfa? Athyglisverður búningur sem minnti fremur á geimveru en eitthvað sem birtist úr hafdjúpinu. Leikstjórinn velur hér að láta hann nánast fæðast, verða til, en hann uppgötvar þennan nýja heim með betra hjarta heldur en þessir vesalningar sem hann lendir hjá. Stefán á auðvelt með að tjá sig með öllum líkamanum og þó þetta stírbúsalega hreyfimyndur væri bæði höktandi og barnalegt, var engu að síður sem um dans væri að ræða á köflum. Það er ekki kafað djúpt ofan í persónur í þessari uppsetningu.

Hér eru allar klisjurnar saman komnar á einum stað: bændur nauðguðu öllu og öllum, prestar lyftu þilsum stúlkna og yljúðu sér hvar sem var og hvenær sem var, eymingjar voru hýddir og pínðir, allir

voru skítugir upp fyrir haus, ráku við og klóruðu sér í rassinum milli þess sem þeir óðu með blautar ermar ofan í sýruker og slöfðu í sig sláturkeppum.

Elma Lís Gunnarsdóttir fer með hlutverk Sólveigar vinnukonu á næsta bæ og það geislaði af henni í þessu hjákátlega hlutverki einfaldrar stúlkna sem síðan tekur sitt eigið líf eftir að hafa verið niðurlægð af sóknarprestinum. Davíð Þór Jónsson fer með hlutverk hins sálarlausa gargandi bónda. Það er val leikstjórans að láta hann fremur líkjast skrímsli en manni og en kraftmikill var hann. Sýningin hefði öll getað verið krafmikil bara eins og gott rokk (eða góður rokkur) en atriði eins og afturgengnar álfameyjar í plastkápum var mjög óþarft og eins var atriði þá er þau Lalli og Unnur fara saman í heita laug helst til of langt.

Dóra Jóhannsdóttir fór með hlutverk Sigrúnar húsfreyju. Hún orgaði og argaði milli þess sem hún vældi og skrífkti. Dóra var skemmtileg í þessu grenjuhlutverki með hvella rödd eins og hún væri að æpa úti í hifandi roki. Þeir Vignir Rafn Valþórsson og Valur Freyr Einarsson skiluðu einnig sínum hlutverkum með trúverðuleika. Lýsingin var við hæfi. Tónlistin smart og flutningur hugmyndafrakur.

Margir af eldri kynslóðinni grettu sig og fetu að sýningu lokinni særðir í hjarta yfir skrumskælingunni á rómantísku myndinni af forfeðrunum. Þetta var ekki hefðbundin kvöldvaka.

Elisabet Brekkan



Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðsölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



Sólarferð e. Guðmund Steinsson
frumsýn. 15/2 uppselt, 16/2 uppselt

Baðstofan e. Hugleik Dagsson
sýn. 14/2, 15/2, 16/2 örfá sæti laus

Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. 15/2 og 16/2 örfá sæti laus

Gott kvöld e. Áslaugu Jónsdóttur
17/2 kl. 13.30 og 15
allra síðustu sýningar

Skilaboðaskjóðan 17/2 örfá sæti laus

Zadie Smith og verðlaunin

Rithöfundurinn Zadie Smith, sem skaust upp á stjörnuhimin bókmenntaheimsins árið 2000 þegar hún vann Whitbread-verðlaunin fyrir fyrstu skáldsögu sína *White Teeth*, hefur harðlega gagnrýnt mörg af stærstu bókmenntaverðlaunum Bretlands.

Bloggfærsla hefur birst í hennar nafni þar sem hún segir flest bókmenntaverðlaun snúast um auglýsingar fremur en gæði skrifanna. „Verðlaunin ganga út á að vekja jákvæða athygli á vörum ýmissa fyrirtækja, til dæmis kaffiframleiðenda, símfyrirtækja, bjórframleiðenda og jafnvel framleiðendum frosinnar matvöru,“ segir á blogginu.

Smith nafngreindir ekki þau verðlaun sem hún gagnrýnir, en af ofangreindri upptalningu hennar má telja líklegt að hún eigi við Costa-verðlaunin, sem styrkt eru af kaffiframleiðanda, Orange-verðlaunin, sem styrkt eru af símfyrirtæki, Whitbread-verðlaunin, sem voru styrkt af bjórframleiðanda, og Booker-verðlaunin sem voru eitt sinn styrkt af verslanakeðjunni Iceland sem selur frosinn mat.



ZADIE SMITH

Smith sendir þessi ummæli frá sér í kjölfar þess að hafa setið í dómnefnd fyrir Willesden Herald-smásagna-keppnina. Dómnefndin ákvað að veita ekki verðlaunin í ár þar sem þeim

þótti engin þeirra smásagna sem sendar voru inn í keppnina eiga verðlaunin skilin.

Sem ætla mátti hafa fulltrúar bókaútgefenda og bókmenntaverðlauna í Bretlandi tekið þessum ummælum Smith heldur illa. „Staðreyndin er sú að bókmenntaverðlaun hafa vakið athygli á mörgum ágætum bókum og sögum sem ellegar hefðust ekki fengist útgefnar eða selst illa. Það þarf að hvetja fólk til að lesa og ef það sem þarf til er samstarf stórra fyrirtækja og bókmennta er það bara hið besta mál,“ segir rithöfundurinn Joanna Trollope, sem jafnframt sat nýverið í dómnefnd Costa-verðlaunanna. -vp

Síðustu sýningar á Fool for Love!

Gagnrýnendur eru á einu máli ★★★★★

"fátt sem geislar jafnmikilli ástríðu á sviði núna"

"Magnús Guðmundsson sýnir frábæran leik sem Martin."
M.E. Morgunblaðið

"Sveinn Ólafur Gunnarsson fer vel með hlutverk Eddies, hann er yfirmátar svalur og jafnframt ástríðufullur".

"til hamingju!"
Vísósjá. RÚV

Tryggðu þér miða í síma 551 4700 eða á midi.is

Silfurtunglið, Austurbæ.
Síðustu sýningar:
fös 15/2 kl 20
lau 16/2 kl 20

"heilsteyppt flott listarverk þar sem lögn leikstjórans er svo skýr að ekkert verður að vafamáli."

"KK rammaði sýninguna inn, var límið, var ryþminn, var lagið sem menn dilluðu sér við."

"vonandi að unnendur góðrar leiklistar láti ekki þessa sýningu framhjá sér fara"
E.B. Fréttablaðið

"sýningin er eins og þéttur og flottur nútímadans - dansleikhús af magnaðri gerðinni"

"Þóra vinnur hér stóran leiksigur"
S.A. Tímarit Máls og Menningar






Í samstarfi við Vesturport

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

27. febrúar
28. febrúar
2. mars

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



> ÍHUGAR ÆTTLEIÐINGU

Gwyneth Paltrow og Chris Martin ihuga ættleiðingu, en fyrir eiga þau Apple og Moses. Paltrow ætlar þó ekki að feta í fótspor Angelínu og Madonu og ættleiða frá þriðja heiminum, því hún horfir björtum augum til Brooklyn-hverfis í New York. „Ekkert barn er meira hjálparvana en annað, og ég er New York-stelpa,” segir hún.



fólk

folk@frettabladid.is

Hefur rætt við áttatíu Sunnur

Unnar Örn Ólafsson hefur staðið í ströngu síðustu daga við símsvörun, eftir að hann varð fyrir barðinu á vinahrekk. Um helgina bárust um 150 Sunnum á landinu skilaboð svipuð þessum: „Hæ Sunna, ég heiti Unnar og fann veski þitt. Geturðu haft samband við mig í síma ...“ Unnar svarar enda símtali blaðamanns ansi þreytulega, og það með orðunum „Er þetta Sunna?“

„Þetta er grín hjá vinkonu minni, sem heitir Rósa María Óskarsdóttir og er í lýðháskóla úti í Danmörku núna. Hún á það til að gera eitthvað svona, en þessi grikkur var eiginlega aðeins of umfangsmikill,” segir Unnar, sem áætlað að hann hafi nú talað við um áttatíu Sunnur, en samkvæmt tölum Hagstofunnar bera um 450 íslenskar konur nafnið Sunna sem fyrsta nafn.

„Ég held að hún hafi sent um 120 sms á föstudeginum, og svona tuttugu þrjátíu á laugardeginum,” útskýrir Unnar. „Þau snerust öll um að ég hefði annaðhvort fundið veski eða bakkað á bíl. Það voru tvær eða þrjár sem báðu mig að lýsa veskinu og svo ein sem hafði lent í því að einhver hafði bakkað á bílinn hennar. Hún var svolítið svekkt yfir því að þetta væri hrekkur,” segir Unnar, sem er ekki á því að hann muni launa Rósu lambið gráa. „Ég held að ég þori því nú ekki, hver veit þá hvað hún gerir næst,” segir hann og hlær við.

- sun

FÓRNARLAMB SÍMAHREKKS Unnar Örn Ólafsson stóð í ströngu við símsvörun um helgina, þegar vinkona hans sigaði um 150 Sunnum á hann.

MYND/ELLERT GRÉTARSSON



Undirbúa tónleikaferð Bocelli

Íslenska framleiðslufyrirtækið Déjávú er að skipuleggja tónleikaferð ítalska stórsöngvarans Andrea Bocelli um Norðurlöndin sem verður farin í haust.

Déjávú sá um tónleika hans í Egilshöll á síðasta ári sem gengu vonum fram. Í kjölfarið óskaði Bocelli og aðstoðarfólk hans eftir því að framhald yrði á samstarfinu.



ANDREA BOCELLI Tenórinn heimsfrægi er á leiðinni í tónleikaferð um Norðurlönd.

„Þetta er gríðarlega mikill heiður. Listamannsnafn hans er bara að verða frægara og var það þó nógu frægt fyrir.

Hann gefur út nýja plötu í september og þessi tónleikaferð er farin til að fylgja henni eftir,” segir Karl Lúðvíksson hjá Déjávú. „Þetta er rosalega mikil vinna en við erum með gott starfsfólk, það sama og vann við

tónleikana hérna heima, og síðan störfum við með fyrirtæki sem hefur unnið með Bocelli í átta ár. Það gerir þetta auðveldara fyrir okkur.“

Bocelli öðlaðist heimfrægd fyrir rúmum áratug fyrir enska útgáfu sína á laginu Con te partirò sem margir ættu að þekkja sem Time to Say Goodbye.

Tónleikaferð hans um Norðurlönd hefst í október og ferðast hann meðal annars til Osló og Kaupmannahafnar.

Óvíst er aftur á móti hvort Bocelli komi aftur hingað. „Hann vill koma aftur enda var hann mjög hræður yfir móttökunum hér og fannst þetta

Pönnusteikt bleikja fyrir Keiru Knightley á Íslandi

Keira Knightley og Rupert Friend ætla að eyða Valentínusardeginum á Íslandi samkvæmt erlendum vefmiðlum. Keira elskar að synda og borða góðan ítalskan mat.

„Við myndum að sjálfsgöðu taka vel á móti henni,” segir Heiðís Hauksdóttir, matreiðslumaður á ítalska veitingastaðnum La Primavera, en Keira Knightley er væntanleg til Íslands á morgun. Samkvæmt aðdáendasiðum er leikkonan sólgín í ítalskan og taílenskan mat þrátt fyrir að umræður um leikkonuna hafi aðallega snúist um hversu horuð leikkonan væri.

Heiðís segir að það sé sífellt að færast í aukana að Íslendingar nýti Valentínusardaginn til að bjóða í rómantískan kvöldverð og staðurinn sé vinsæll meðal ástfanginna para á öllum aldri. Knightley og Friend ættu því að smellpassa inn í hópinn en fjölmiðlar greindu þó frá því að

leikkonan hefði hafnað að ganga með hring sem Friend keypti handa henni. Heiðís var þó ekki



RÓMANTÍK Í LOFTINU Keira Knightley og Rupert Friend ætla að eiga rómantíska stund á Íslandi á sjálfan Valentínusardaginn.

NORDICPHOTOS/AFP

lengi að koma með hugmynd að dýrindis draumakvöldverð handa stórstjörnunni ef hún skyldi reka inn nefið. Hann samanstæði af salati með parmaskinku, salami, fíkju og mozzarella í forrétt, pönnusteiktri bleikju með hvítlauksrisotto og steiktum humri í aðalrétt og að sjálfsgöðu ítölskum ís í eftirrétt.

Fastlega má reikna með því að starfsmenn Laugardalssundlaugarinnar eigi eftir að hafa augun hjá sér því Keira hefur einnig töluverðan áhuga á sundi. Því er ekki útilokað að hún kynni að feta í fótspor Jude Law sem sprangaði um á sundskýlunni meðal reykvískra sundkappa. Hins vegar hefur knattspyrnuáhuginn ætíð fylgt Keiru eftir að hún lék í Bend it Like Beckham og það kemur væntanlega ekki neinum á óvart að eftirlætisfótboltafélag hennar er West Ham sem er jú í eigu íslenska athafnamannsins Björgólfs Guðmundssonar.

freyrgigja@frettabladid.is

Aðeins 1 króna fyrir börnin

www.flugfelag.is | 570 3030

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

1 kr. aðra leiðina + 490 kr. 1. – 29. febrúar.

(flugvallarskattur)

Þetta einstaka tilboðsfargjald

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
 - er fyrir börn, 2 – 11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
 - **bókanlegt frá 31. janúar 2008**
 - **ferðatímabil 1. – 29. febrúar 2008**
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is

alveg æði,” segir Karl. Hann bætir við að tenórinn hafi ákveðið að dvelja hér einn dag til viðbótar eftir að hann heyrði hve aðstoðarfólk sitt lét vel af matnum á Sjávarkjallaranum. „Hann var rosalega sáttur,” segir hann um reynslu Bocelli af veitingastaðnum.

- fb

Weirdcore í kvöld

Fjórða Weirdcore-raftónlistarkvöldið verður haldið á skemmtistaðnum Organ í kvöld. Þar ætla Ruxpin, Frank Murder og Biogen að spila raf- og ambient-tónlist sína fyrir gesti staðarins.


Undanfarna mánuði hafa þessi kvöld verið haldin á Barnum en núna verður teft fram betra hljóðkerfi í stærri sal. „Framtíðarmarkmiðið okkar með þessum kvöldum er að koma raftónlist á framfæri,” segir Rósa Birgitta Ísfeld, einn af skipuleggjendum kvöldsins. „Það eru margir að búa til svona tónlist en hafa ekki haft stað til að spila á. Það hefur verið svolítið teknó- og elektróuppsveifla í gangi, sem er kannski ekki beint í þessum ambient-geira,” segir hún.

Weirdcore-kvöldið hefst klukkan 21 í kvöld og er frítt inn. Nánari upplýsingar um kvöldin má finna á síðunni myspace.com/weirdcorevkv.



FRANK MURDER Frank Murder, Ruxpin og Biogen spila á Organ í kvöld.

- fb



Nafnspjald er ekki bara nafnspjald, það er andlit fyrirtækisins og það samskiptatæki sem ásamt heimasíðunni ratar víðast.



Sýndu mér nafnspjalðið þitt og ég skal segja þér hver þú ert.

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

RAMBO	kl. 6, 8 og 10-P	16
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEKUNUM	kl. 5.30	L
ATONEMENT	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
CLOVERFIELD	kl. 8 og 10	14

Nasa bakar lifibrauð bransans

Tónlistarmenn eru reiðir vegna hugmynda um að Nasa víki fyrir hóteli. Stjórnsmálsmenn leggja áherslu á að ekkert hafi verið ákveðið.



NASA Tónlistarmenn slá skjaldborg um staðinn sem greinilega leikur lykilhlutverk í afkomu þeirra sem tengjast tónlistarbransanum.

„Aðgerðir eru þegar hafnar,“ segir Kári Sturluson, tónleikahaldari og umboðsmaður. Frétt Fréttablaðsins í gær, um að hugsanlega verði salur Nasa rifinn í tengslum við umfangsmiklar breytingar við Ingólfsstorg og uppbyggingu þar, hefur vakið mikil viðbrögð meðal tónlistarmanna. Kári sendi út bréf í gærmorgun til tónlistarmanna, fjölmiðla og nokkurra borgarfulltrúa undir fyrirsögninni „Á virkilega að rífa Félagsheimili Reykjavíkur?“ Í bréfinu segir Kári að þetta séu skelfilegar fréttir fyrir hina „aktívu músíkshúsi“ í Reykjavík en Nasa sé eina húsið í borginni sem skapar tekjur í tengslum við tónlistarflutning.

„Ef þið ætlið virkilega að ráðast svona harkalega að tekjuginni mínum, atvinnu og þá í leiðinni farsæld fjölskyldu minnar þá sit ég ekki aðgerðarlaus hjá,“ segir í bréfi Kára.

Viðbrögð við bréfinu eru mikil. Og stjórnsmálsmenn virðast óttast ofsa tónlistarmanna. Hanna Birna Kristjánsdóttir er formaður skipulagsráðs og leggur á það ríka áherslu að málið hafi ekki verið formlega afgreitt. „Í tillöggunni er farið fram á breytingar á umræddum sal, en skipulagsráð hefur hins vegar í umfjöllun sinni um málið lagt mikla áherslu á að þessi mikilvægi tónleikasalur fái að vera þarna áfram í sinni mynd og á sínum stað,“ segir Hanna Birna í svári sínu.

Nasa hefur leyfi fyrir 600 gesti sem er ákjósanleg stærð til að hýsa tónlistar- og aðra menningarviðburði. „Burtséð frá menningarlegu gildi hússins, sögu og innréttingum sem hafa verið varðveittar í gegnum tíðina, þá er þetta eini staðurinn í Reykjavík þessarar stærðar sem býr yfir góðu hljóðkerfi og sviði, sal og lofthæð,“ segir Kári



Gísli Marteinn Baldursson er formaður umhverfis- og samgönguráðs, að enn hafi þaðan sem tillögurnar voru afgreiddar í gær



KÁRI STURLUSON Ætlað er ekki að sitja hjá þegar ráðist er harkalega að tekjuginni hans.

NÝTT Í BÍÓ!

300. Á BETTA SKILIÐ!

FRÁ GAURNUM SEM FÆRDI ÞÉR KNOCKED UP, SUPERBAD OG TALLADEGA NIGHTS

FRÁ BEIM SÖMU OG FÆRDU OKKUR BIG LEBOWSKY, BLOOD SIMPLE OG FARGO

FRÁ BEIM SÖMU OG FÆRDU OKKUR BIG LEBOWSKY, BLOOD SIMPLE OG FARGO

FRÁ BEIM SÖMU OG FÆRDU OKKUR BIG LEBOWSKY, BLOOD SIMPLE OG FARGO

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000	REGNBÖGINN Sími 551 9000
MEET THE SPARTANS kl. 4-6-8-10	MEET THE SPARTANS kl. 6-8-10
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEKUNUM kl. 3.30-5.40	WALK HARD kl. 6-8
WALK HARD kl. 6-8-10	THE DARJEELING LIMITED kl. 6-10.10
CLOVERFIELD kl. 8-10	BRÜÐGUMINN kl. 5.50-8-10.10
BRÜÐGUMINN kl. 3.40-5.50-8-10.10	ALIEN VS PREDATOR 2 kl. 8-10.10
BRÜÐGUMINN LÚXUS kl. 3.40-5.50-8-10.10	
ALVIN & IKORNARNIR kl. 4	
HÁSHÖLA BÍÓ Sími 530 1919	BORGAR BÍÓ Sími 562 3500
RAMBO kl. 6-8-10	RAMBO kl. 8-10
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEKUNUM kl. 5.30-8	ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEKUNUM kl. 6
ATONEMENT kl. 6-9	ATONEMENT kl. 5.50-10
CHARLIE WILSONS WAR kl. 10.30	BRÜÐGUMINN kl. 8
BRÜÐGUMINN kl. 5.50-8-10.10	

MEIRA FYRIR NÁMSMENN

2 fyrir 1 í bíó

Landsbankinn

* Gildir á sýningar mánudaga til fimmtudaga sé greitt með Námukorti í galabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxussal eða í íslenskar myndir.

Gleypa reikningarnir launin þín?

Í þessari nýstárlegu bók eru fjármál fjölskyldunnar sett í stærra samhengi og bent á leiðir til að endurskipuleggja fjármálin og eignast fé án þess að breyta um lífsstíl eða herða sultarólina.

„Það er mér sönn ánægja að mæla með þessari bók. Ég keypti hana vegna þess að ég trúði ekki hinni ögrandi fullyrðingu höfundar: „Þú átt nóg af peningum ...“ Nú veit ég að þessi fullyrðing er sönn.“

Bráinn Bertelsson rithöfundur

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



SAMbio.is SAMBÍÓIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

8 ÓSKARS TILNEFNINGAR BESTA MYNDIN

FRÁ BEIM SÖMU OG FÆRDU OKKUR BIG LEBOWSKY, BLOOD SIMPLE OG FARGO

FRÁ BEIM SÖMU OG FÆRDU OKKUR BIG LEBOWSKY, BLOOD SIMPLE OG FARGO

NO COUNTRY FOR OLD MEN kl. 5.30-8-10.30	16	NO COUNTRY ... kl. 5.40-8-10.30	16
NO COUNTRY FOR OLD MEN kl. 5.30-8-10.30	VIP	P.S. I LOVE YOU kl. 5.30-8-10.30	L
P.S. I LOVE YOU kl. 5.30-8-10.30	L	SWEENEY TODD kl. 100	16
SWEENEY TODD kl. 5.30-8-10.30	16	UNTRACEABLE kl. 8	16
UNTRACEABLE kl. 10.30	16	THE GAME PLAN kl. 5.40	L
CHARLIE WILSON'S WAR kl. 8	12		
DEATH AT A FUNERAL kl. 6-8	7	NO COUNTRY ... kl. 8	16
NAT. TREASURE 2 kl. 10.30	12	MEET THE SPARTANS kl. 8	7
TÖFRAPRINSESSAN kl. 5.30	L	MIST kl. 10	16
		SWEENEY TODD kl. 10	16
P.S. I LOVE YOU kl. 8	L		
CHARLIE WILSON'S WAR kl. 10.10	12	MEET THE SPARTANS kl. 8-10	12
CLOVERFIELD kl. 10.30	14	UNTRACEABLE kl. 8	16
THE GAME PLAN kl. 8	L	CLOVERFIELD kl. 10.10	16
BRÜÐGUMINN kl. sýnd um helgina	7		

Euro-nördar gráta Haffa Haff

Eurovision-nördar hafa lát-ið í ljós óánægju sína með að Haffi Haff komst ekki áfram um síðustu helgi.

„Hversu heimskir eru Íslendingar??? Það hefði verið séns að þeir ynnu Eurovision með Haffa Haff... þeir vilja augljóslega ekki vinna þessa keppni.“ Þetta skrifar „Omen2008“ á spjallsíðu Eurovision-nörda. Þar eru nánast allir sammála um að Ísland hafi gert stór mistök með því að kjósa ekki lag Svölu Björgvins sem Haffi söng, The Wiggle Wiggle Song, áfram í úrslitabáttinn. „Þetta hljóta að vera mistök. Haffi Haff var bestur,“ skrifar „Plople“ og „Enginn Haffi? Er ykkur alvara? Þarna fór uppáhaldið mitt,“ skrifar „Jonngait“.

„Já, er fólk að skrifa þetta?“ spyr Haffi, nokkuð uppveðraður. „Ég var nú alveg búinn að búa mig undir að detta út enda var ég viss um að Ho ho ho færi áfram og ég vissi líka að Ragnheiður Gröndal er vinsæl. Svo það er langt frá því að ég sé bitur og sár. Það hefði auðvitað verið gaman að fara áfram því ég hefði getað gert enn geðveikara atriði næst.“

Haffi, sem hafði aldrei sungið opinberlega fyrr, getur ekki verið

annað en ánægður með viðtökurnar þótt hann hafi dottið út. „Þetta er rosaleg kynning fyrir mig og ég er stoltur af laginu og atriðinu. Kannski var þetta bara allt of mikið fyrir Ísland núna – alltof mikið „búmm!“ En ég er mjög upp með mér með viðtökurnar.“

Förðun er aðalstarf Haffa. Hann sér til dæmis um meikið í Bandinu hans Bubba. „Ég fékkst við listsköpun á yngri árum og væri mjög til í að þæla betur í því. Til dæmis að mála olíumyndir.“

Og Haffi er vitanlega til í meiri músik. „You better believe it,“ segir hann. „Ef einhver vill gera eitthvað sniðugt þá er bara að hafa samband. En ég nenni engu smá-dæmi. Það er annaðhvort heimsyf-irráð eða dauði. Ég er bara þannig gaur.“

Þótt Euro-nördar gráti Haffa kemur maður í manns stað. Almenn ánægja virðist ríkja með Eurobandið, en hún er reyndar ekki einróma, og öll önnur lög fá líka jákvæða umsögn nördanna. Það virðist þó enn von fyrir Ísland þótt Haffi sé úr leik. En með hverjum skyldi Haffi halda?

„Ég fíla Friðrik Ómar vin minn og finnst alveg kominn tími til að hann fari í Eurovision. Hann er í þessu alveg hundrað prósent, af öllu hjarta. Alveg eins og ég var.“



HEIMSYFIRRAÐ EÐA DAUÐI Haffi Haff er til í meira popp en nennir engu hálfkaki.

Ég sagði honum stundum hversu rosalega stoltur ég væri af því að taka þátt í sömu keppni og hann. Og hann sagði bara: „Æi, þegiðu maður!“

gunnarh@frettabladid.is

Óánægja með auglýsingar á Moggabloggi

Nýlega fóru auglýsingaborðar að birtast á bloggum á Moggablogginu. Í tæpt ár hefur þetta vinsælasta bloggsvæði landsins (12.800 skráðar síður) verið án auglýsinga og því hefur þessi óvænta truflun í bloggtilverunni farið illa í margan bloggarann. „Ef auglýsingar verða ekki fljótlega fjarlægðar af þessari bloggsíðu mun henni verða lokað,“ skrifar Guðbjörg Hildur Kolbeins og margir taka í sama streng: „Þetta blogg er minn persónulegi vettvangur og það er ekkert nema andlegt ofbeldi að neyða auglýsingum um viðskipti upp á hann,“ skrifar Sigurður Þór Guðjónsson og er farinn í bloggstopp til að mótmæla auglýsingaborðunum.

„Það stóð nú alltaf til að bloggjið stæði undir sér,“ segir Arni Matthíasson, sem er til svara hjá Moggablogginu, „enda kostar sitt að halda þessu úti. Það voru auglýsingar á bloggsíðunum hjá okkur frá fyrsta degi, en þær dattu út og fyrir ýmsar sakir var bloggjið auglýsingalaust í tæpt ár.“

Arni segir einhverja hafa hætt að blogga út af auglýsingaborðunum. „Ég veit um einhverja fjóra til



ARNI MATTHÍASSON Það stóð alltaf til að bloggjið stæði undir sér.

fimm sem eru hættir, en það er annars erfitt að sjá hvort fólk sé hætt að blogga eða hvort það er bara svona latt. Það kom mér mest á óvart hvað margir voru búnir að gleyma því að það voru alltaf auglýsingaborðar þar til í fyrra.“

Arni segir alveg koma til greina að leyfa þeim sem vilja að greiða fyrir bloggghýsingu á Moggablogginu. Í staðinn myndu þeir sleppa við auglýsingaborðann. „Í framhaldi af þessum viðbrögðum erum við að skoða það, já. Við viljum auðvitað koma til móts við þetta fólk þótt ekki séu þetta margir. Hver einn og einasti bloggari skiptir okkur máli.“

- glh



BENNY CRESPOS GANG Hljómsveitin Benny Crespos Gang spilar á styrktar-tónleikumum í kvöld.

Til styrktar veikum vini

Tónleikar verða haldnir á Gauki á Stöng í kvöld til styrktar góðvini strákanna í hljómsveitinni Hoffman sem þjáist af hinum lífshættulegum sjúkdómi ósæðaflysjun. Auk Hoffman koma fram á tónleikumum hljómsveitirnar Benny Crespos Gang, Hookerswing, Cliff Clavin og Æla.

Að því er kemur fram í fréttatilkynningu er pilturinn sem á við veikindin að stríða hægt og bítandi að ná að vinna bug á sjúkdómnum með hjálp góðra vina. Gaukurinn opnar klukkan 20 og fer fyrsta hljómsveit á svið klukkutíma síðar. Miðaverð er 1.000 krónur auk þess sem tekið verður á móti frjálsum framlögum.

Stjórnvöld loka á netið

Bretar sem stunda ólöglegt niðurhal á netinu geta átt það á hættu að klippt verði á nettengingu þeirra gangi nýjar hugmyndir stjórnvalda eftir.

Samkvæmt hugmyndum verður tengingunni lokað ef notendur fremja sama brot þrisvar sinnum.

Fyrst fær fólk viðvörn í tölvupósti,

síðan verður það sett í bann og loks verður nettengingin fjarlægð.

Talið er að sex milljónir Breta sækji tónlist og kvikmyndir á ólöglegan hátt á netinu á hverju ári. Telja útgáfufyrirtæki að þau verði af gífurlegum fjármunum af þessum sökum.



NIÐURHAL Bresk stjórnvöld íhuga að taka ólöglegu niðurhali föstum tókum.



600 kr.

11. til 15. febrúar



★★★ 1/2

- 24. Stundir

S T A L L O N E

RAMBO

ALVÖRU HETJUR

DEYJA ALDREI

MasterCard korthafar fá miðann á 600kr frá 11. til 15. febrúar. Gildir þar sem myndin er sýnd.

Meira á www.borgun.is/bio





Iceland Express-deild kvenna:
**Hvor sigurgang-
 an lifir kvöldið?**

KÖRFUBOLTI Önnur tveggja sigurgangna endar í kvöld þegar Keflavík tekur á móti Val í Iceland Express-deild kvenna. Keflavík hefur unnið alla níu heimaleiki sína í vetur en Valsliðið er búið að vera á miklu skriði og hefur unnið fjóra leiki í röð og sjö af síðustu átta. Síðasta deildarleik liðanna í Vodafone-höllinni lauk með þriggja stiga sigri Vals eftir tvær framlengingar, en Keflavík vann fyrri leik liðanna í Keflavík með fimm stigum. Aðeins KR hefur náð betri úrslitum í Keflavík í vetur. Tveir aðrir leikir fara einnig fram í kvöld, Haukar taka á móti Hamri og Fjölnir heimsækir Grindavík. - óó

Reykjavíkurmót kvenna:
**Stór skellur ný-
 liðanna**

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar Vals unnu 11 marka stórsigur á nýliðum HK/Víkings í Reykjavíkurmóti kvenna og hafa þar með unnið þrjá fyrstu leiki sína í mótinu með markatölunni 24-0. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði þrennu, í sínum fyrsta leik á tímabilinu, en hin mörkin skoruðu Katrín Gylfadóttir (2), Katrín Jónsdóttir (2), Andrea Ýr Gústavsdóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir, Hallbera Guðný Gísladóttir og Raket Logadóttir. Katrín Gylfadóttir er aðeins 15 ára og var að leika sinn annan meistaraflokksleik fyrir Val. Hún kom inn á í hálfleik í og var búin að skora eftir aðeins 35 sekúndur en markið skoraði hún eftir undirbúning Margrétar Láru, þjálfara síns í 3. flokki. - óó

Handknattleikssamband Íslands hefur sent boltann yfir á Dag Sigurðsson:
Beðið eftir svari frá Degi

HANDBOLTI Handknattleikssamband Íslands, HSÍ, biður enn eftir svari frá Degi Sigurðssyni um hvort hann sé tilbúinn að taka að sér þjálfun karlalandsliðs Íslands. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins er Dagur með samningsdrög í höndunum frá HSÍ og samþykki hann þá skilmála sem HSÍ býður í samningsdrögunum ætti eftirleikurinn að vera næsta auðveldur. HSÍ biður því einfaldlega eftir svari frá Degi áður en hægt er að taka næstu skref. Boltinn er hjá Degi sem sagði við Fréttablaðið í gærkvöldi að hann væri ekki enn búinn að taka ákvörðun en myndi hitta forráðamenn HSÍ í dag og þá mun líklega draga til tíðinda. Samninganefnd HSÍ – sem er skipuð Guðmundi Ingvarssyni formanni, Einari Þorvarðarsyni framkvæmdastjóra og Jóhanni Inga Gunnarssyni, formanni landsliðsnefndar – hitti Dag um síðustu helgi þar sem farið var vandlega yfir stöðuna. Í kjölfar þess henti HSÍ upp samningsdrögum sem það kom síðan í hendur Dags sem íhugar nú stöðuna alvarlega en hann starfar sem framkvæmdastjóri Vals. Stjórn HSÍ hittist á fundi í gær og fór yfir stöðuna. Verði svar Dags jákvætt gætu hlutirnir gengið hratt fyrir sig og Dagur þess vegna skrifað undir samning í dag. Ef ekki þá líklega á fimmtudag en formaður HSÍ bjóst við að klára dæmið í vikunni. Svari Dagur aftur á móti neitandi er HSÍ komið aftur á byrjunarreið enda ekki með neinn annan þjálfara í sigtinu sem stendur. Fyrsti kostur sambandsins var Svíinn Magnus Andersson en hann þurfti að hafna tilboði HSÍ þar sem landsliðsþjálfarastarfið gekk



HVAÐ GERIR DAGUR? HSÍ hefur lagt fram drög að því hvað sambandið getur boðið Degi Sigurðssyni. Dagur er að fara yfir drögin og mun að öllum líkindum gefa HSÍ svar í dag er hann hittir forkólfa sambandsins á fundi.

einfaldlega ekki upp samhliða þjálfun hans með danska liðið FCK sem hann er samningsbundinn til ársins 2011. Þá snéri HSÍ sér að Degi og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur sambandið ekki rætt við aðra íslenska þjálfara. Fastlega er búist við því að sambandið reyni við Aron Kristjánsson, þjálfara Hauka, náist ekki samningar við Dag. - hbg



ÖFLUGUR Guðmundur E. Stephensen lagði sannarlega sitt af mörkum fyrir lið Eslövs í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Guðmundur E. Stephensen:
Deildarmeistari með Eslövs

BORÐTENNIS Guðmundur E. Stephensen, margfaldur Íslandsmeistari í borðtennis, varð í fyrrakvöld deildarmeistari ásamt félögum sínum í liðinu Eslövs í sænsku úrvalsdeildinni. Eslövs gerði 4-4 jafntefli gegn Gröstorps/Osterien þar sem Guðmundur náði að vinna báða leiki sína. Guðmundur vann fyrst Mikkel Hindersson 3-1 og síðan Andreas Ohlsson með sama stigaskori. Úrslitakeppni sænsku úrvalsdeildarinnar fer fram í mars þegar fjögur efstu liðin leika til úrslita um sænska meistaratitilinn. - óþ

Lewis Hamilton:
Sneri aftur til Spánar

FORMÚLA 1 Breski ökuþórin Lewis Hamilton var mættur til æfinga á Spáni á nýjan leik í gær - níu dögum eftir að hafa orðið fyrir aðkasti kynþáttahatara í Barcelona. Um 250 áhorfendur fylgdust með æfingunni í Jerez í gær og höguðu þer sér allir vel. - hbg

LÚXUS

Glæsilegt úrval lúxusbíla

Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



L.R. RANGE ROVER V8 diesel

Nýskr: 12/2006, 3600cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 25.000 þ.

Verð: 11.100.000



BMW 530i

Nýskr: 01/2004, 3000cc, 4 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 28.000 þ.

Verð: 4.690.000



L.R. RANGE ROVER Supercharged

Nýskr: 07/2006, 4200cc, 400hestöfl, 5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 0 þ.

Verð: 12.750.000



BMW 335i Coupe

Nýskr: 06/2007, 3000cc, 2 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 10.000 þ.

Verð: 6.850.000

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI



bilaland.is
575 1230

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16. Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.



Hringbraut / Ljósmynd © Apple Corps Ltd.

MEISTARAVERK BÍTLANNA

Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band

Ein merkasta hljómplata allra tíma flutt í heild sinni ásamt
vinsælustu lögum Bítlanna á glæsilegum símfóniútónleikum
í Laugardalshöll laugardaginn 22. mars 2008

Daníel Ágúst Haraldsson | Stefán Hilmarsson
Sigurjón Brink | Björgvin Halldórsson
Eyjólfur Kristjánsson | KK

Rokksveit Jóns Ólafssonar
ásamt 40 hljóðfæraleikurum úr Símfóníuhljómsveit Íslands

píanó Jón Ólafsson | gítar Guðmundur Pétursson | gítar Stefán Már Magnússon | orgel Pétur Örn Guðmundsson | hljómborð Haraldur Vignir Sveinbjörnsson
sítar Júlíus Guðmundsson | tabla-trommur Steingrímur Guðmundsson | bassi Róbert Þórhallsson | ásláttur Ólafur Hólm | trommur Jóhann Hjörleifsson
útsetningar Haraldur Vignir Sveinbjörnsson | konsertmeistari Sigrún Eðvaldsdóttir | hljómsveitarstjórn Bernharður Wilkinson | kyinnir Þorgeir Ástvaldsson
hljóð Ívar Ragnarsson | lýsing Agnar Hermannsson | myndvinnsla Helgi Jóhannesson | sviðssetning Sigurður Kaiser | tónlistarstjórn Jón Ólafsson

Miðasala er hafin
á midi.is og á afgreiðslustöðum midi.is





BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur

Sölumenn óttans

Stundum er fullýrt að með Shækkandi aldri fylgi ákveðin fríðindi. Þá er ekki verið að vísa í forréttindi ellilífeyrisþega sem fá afslátt í sund og ókeypis rútuferðir í Bónus, heldur sérstaka tegund af sálarró sem kemur ekki sjálfkrafa en eykst samkvæmt kenninguinni í réttu hlutfalli við fjölgandi hrukkur. Þessi innri friður er niðurstaða marga ára sjálfsgagnrýni sem hundeltir konur frekar en karla vegna þess að við erum svo meðvirkar, það er löng hefð fyrir því.

NIÐURRIF sjálfins styðst fram-
an af við sífelldar leiðbeiningar til dæmis kvennablaða um hvernig við getum orðið nógu mjóar til að komast í kjólinn eða á almennilegt deit, náð í kærasta, fengið betri fullnægingar, orðið þolinmóðari mæður, frumlegri kokkar og blásíð lífi í glæðurnar. Aldrei alveg nógu góðar þræðum við delluna og reynum í gríð og erg að tileinka okkur trixín. Þar til sannleikurinn opinberast seint og um síðir: Okkur mun aldrei takast þetta.

ÞÁ er ekki um annað að ræða en að sætta sig við orðinn hlut. Við erum semsagt akkúrat svona eða hinsegin gerðar, getum snikkað okkur dálítið til og frá en hvorki skipt um ham né persónuleika, sama hvað. En ef við komumst yfir vonbrigðin á annað borð, fylgir í kjölfarið umrædd sálarró blandin góðlátlegri kímni í garð þeirra sem enn hafa ekki séð ljósið.

EINMITT þegar við ætlum að fara að uppskera ávöxt áralangra sjálfspyntinga og njóta þess að vera ófullkomnar og skítsama, hefst næsti kafli áróðursstríðsins. Í unaðslega fallegri auglýsingu frá tryggingafélagi leynast eitruð skilaboð um allt sem við eigum að framkvæma fyrir fertugt. Það er að segja allt sem við ættum að vera búnar að gera en er nú orðið of seint.

ÞAR sem við liggjum útflattar í lazyboyinum, alveg mátulega tilbúnar í líf án samviskubits, kviknar í maganum lævís ótti og grunur um yfirvofandi hörmungar. Sem fæst einmitt staðfestur í símtali við sölumann trygginga. Á undraskömmum tíma breytist nýfengin vellíðan í sjökk yfir að hafa næstum komið fjölskyldunni á vonarvöl með því að deyja ólíftryggðar. Því þótt óttinn við öryggisleysið verði seint friðaður getum við með hjálp tryggingafélags þó fengið tækifæri til að andast rólegar.



GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn
13. febrúar, 44. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	9:32	13:41	17:53
Akureyri	9:25	13:27	17:29

Heimild: Almanak Háskólans



FSENSKA SIAK TOY 41068 0208

RAV4 SPORT – með aukahlutapakka að verðmæti 235.000 kr.

Fullbúinn RAV4 tryggir þér fleiri möguleika og færri hindranir á veginum. Nú bjóðum við RAV4 SPORT með veglegum aukahlutapakka, heilsársdekkjum, dráttarbeisli, krómgrilli, aurlífum og skyggðum rúðum, að verðmæti 235.000 kr.

Verð frá 3.120.000 kr.*

Fáðu meira, komdu og reynsluaktu RAV4 SPORT



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

*Bill á mynd er RAV4 GX og kostar 3.400.000 kr.